



Kosningabæklingar, kosningaáróður 1934 – 1941, seinni hluti

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – 4 ára áætlun Alþýðuflokksins 1934 – Morgunblaðið – Kosningarnar 1937 – Þjóðviljinn (ljósprentun úr blaði kommúnista) – Alþýða um allt Ísland – Jónas Jónsson – Stjórnir verkalýðsfélaganna í Reykjavík 1957 – Landsmálafélagið Vörður

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-41, Örk 2

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

IX. Sjávarútvegsmál

Hvað vilja sjómenn
og
útgerðarmenn?

Og hvað vill

Alþýðuflokkurinn
í sjávarútvegsmálum?

Kosningarnar 1937

Hvað hefir Alþýðuflokkurinn gert í sjávarútvegsmálum á undanförunum árum, og hvað vill hann gera í framtíðinni?

Þetta er spurning, sem allir kjósendur landsins í kaupstöðum og kauptúnum bera fram nú við kosningarnar, því allir vita, að eigi nokkuð að miða áfram í þessum málum, þá verður það **Alþýðuflokkurinn**, sem knýr umbæturnar fram.

Hvað hefir Alþýðuflokkurinn gert?

Alþýðuflokkurinn hefir létt milljóna útgjöldum af sjávarútveginum.

Hann knúði fram með löggjöf skipulagsbundna sölu á aðalútflutningsvöru sjávarútvegsins, saltfiskinum — og gerði með þeirri ráðstöfun kleift, að létta af útveginum hinu illræmda verðjöfnunargjaldi, sem komist hafði á í tíð „hinnar frjálsu“ verzlunar með saltfiskinn og árlega nam á aðra milljón króna.

Móti þessu barðist Sjálfstæðisflokkurinn.

Alþýðuflokkurinn létti af sildarútveginum hinu rangláta útflutningsgjaldi af saltsildinni, er árlega nam um 150 þús. krónum umfram venjulegt útflutningsgjald af öðrum hliðstæðum sjávarafurðum, og fyrirskipaði með lögum, að gjald þetta rynni á fyrsta árinu til sjómanna sem hlutaruppbót.

Móti þessu greiddi Sjálfstæðsfl. atkvæði.

Alþýðuflokkurinn fékk sett lög um skipulagningu á sölu og útflutningi á fiski og síld, sem borið hafa þann árangur, að þó stærstu markaðirinnir fyrir saltfisk hafi gersamlega lokast, hefir verið á fiskinum ekki lækkað, og sildarverkunin, sem um eitt skeið var einn hættulegasti atvinnuvegur hér á landi, er nú traustur og vaxandi atvinnuvegur og ekki áhættumeiri en annar útvegur, nema síður sé.

Gegn þessu hvorutveggja hefir ihaldið barizt eins og grenjandi ljón.

Alþýðuflokkurinn hefir þing eftir þing borið fram og nú loks fengið samþykkt lög um **opnun landhelginna** fyrir **dragnótaveiðum**, sem leiða munu til þess, að hagur sjávarútvegsmanna batnar til stórra muna, þegar skilyrði verða komin í landi til fullkominnar hagnýtingar á þeim afla.

Sjálfstæðisfl. var mjög skiptur í því máli og eins Framsókn, og málið náði eingöngu fram að ganga fyrir atbeina og stuðning Alþýðuflokksins.

Alþýðuflokkurinn beitti sér fyrir stofnun Fiskimálanefndar og Fiskimálasjóðs, og lét leggja sjóðnum eina milljón króna til starfsemi hans.

Fiskimálanefnd hefir þegar tekizt að koma á fót tveim nýjum greinum í útgerðinni, sem áður voru algerlega óþekktar hér, en það er ufsaherðing og karfavinnsla, sem á síðastl. ári skiluðu í gjaldeyri á 3. milljón króna.

Auk þess hefir fiskimálanefnd byrjað á niðursuðu og hraðfrystingu sjávarafurða með ágætum árangri.

Sjálfstæðisfl. hefir barizt gegn þessu öllu og aldrei linn láttum með að svivirða nefndina utan þings og innan.

Alþýðuflokkurinn hefir bjargað síldarútveginum frá hruni

með því að skapa starfhæfa stjórn fyrir síldarverksmiðjur ríkisins, en þar ríkti sú sundrung og heift milli fulltrúa Íhaldsflokksins og Framsóknarflokksins áður, að fyrirjácnalegt var, að þetta stærsta atvinnufyrirtæki í landnu — ríkisverksmiðjurnar — mundi verða óstarhæft. Nú er kyrrð og friður um stjórn þessa, og afleiðingin er: meiri afköst verksmiðjanna, betri sölur og betri innkaup til fyrirtækjanna, meiri afköst verkafólks, meiri tiltrú bankanna, stækkun fyrirtækisins, og almennari trú á að síldveiðarnar geti borið sig. Verðið á bræðslusíld hefir hækkað úr 3 kr. í 8 kr. málið, og er það meiri hækkan en á nokkurri annari framleiðsluvöru þjóðarinnar.

Sjálfstæðisflokkurinn barðist af öllu afli gegn því, að skipt yrði um stjórn við verksmiðjurnar. Hann vildi þar sundrung og ríð, heift og haður, hann gerði tilraun til að stöðva síldveiðarnar með hinu illræmda síldarverkfalli — allt til þess að geta eyðilagt þetta fyrirtæki — sem hefði verað að skera á liftaug hins íslenska sjávarútvegs.

Alþýðuflokkurinn beitti sér fvrir stofnun Skuldaskilasjóðs vélbátæigenda.

Um síðusu áramót hafði sjóðurinn veitt 122 útgerðarmönnum lán og aðstoð til skuldaskila, með þeim árangri, að skuldir þeirra lækkuðu úr 6 millj. kr. í 3,2 millj. eða um 2,8 millj. króna.

Starfi sjóðsins er enn haldið áfram og nær nú einnig til líugufuskípa.

Ef unnt verður að færa nýtt líf í útveginn með breyttum framleiðsluháttum, kemur starfsemi Skuldaskilasjóðs smáútveginum að verulegu gagni.

Hvað vill Alþýðuflokkurinn gera til viðreisnar sjávarútveginum?

Alþýðuflokkurinn vill, að útgerðinni verði breytt. Hann vill að hætt sé við hina einhæfu saltfiskframleiðslu, en upp sé tekin fjölbætt framleiðsla á sjávarafurðum. Að því hafa allar hans tillögur og tilraunir hnigið á undanförunum árum.

Hvað vill Alþýðuflokkurinn gera til að ná þessu marki?

Þvi hefir hann lýst yfir í frv. þeim um viðreisn sjávarútvegsins, sem hann bar fram á síðasta Alþingi (frv. til laga um ýmsar ráðstafanir til viðreisnar sjávarútveginum og frv. til laga um ráðstafanir til stuðnings togaraútgerðinni.

Alþýðuflokkurinn vill veita styrk og lán til þess að byggja hraðfrystihús í öllum kaupstöðum og sjávarþorpum, sem sýnt er að hafa góð skilyrði til fiskveiða til útflutnings.

Ef þannig yrðu byggð 20 hraðfrystihús hringinn í kring um landið, t. d. í Keflavík, Hafnarfirði, Akranesi, Ólafsvík, Sandi, Stykkishólmi, Flatey, Patreksfirði, Flateyri, Súgandafirði, Bolungavík, Hnífsdal, Súðavík, Siglufirði, Dalvík, Hrísey, Húsavík, Eskifirði, Fáskrúðsfirði og Vestmannaeyjum, og áætlað er, að hvert þeirra kostaði 100 þús. krónur, þ. e. a. s. öll til samans 2 milljónir kr., vill Alþýðuflokkurinn veita til þeirra í styrk 500 þús. kr., sem yrði óafturkræft framlag ríkissjóðs, og að láni 60% af kostnaðarverðinu, þ. e. 1 milljón og 200 þús. kr. Eftir yrðu þá ekki nema 300 þús. kr., þ. e. a. s. 15 þús. kr. á hvern þeirra 20 staða, þar sem hraðfrystihúsin yrðu byggð, og ætti

að vera létt að fá það fé með hlutafjáröfnun, sem bæjar- eða hreppsfélagið eða einstakir menn gengj-ust fyrir.

Alþýðuflokkurinn vill veita styrk og lán til að byggja nýjar síldarbræðslu-, fiskimjöls- og karfavinnsluverksmiðjur

á þeim stöðum, sem bezt skilyrði hafa og engar verk-
smiðjur hafa verið reistar á ennþá.

Ef þannig yrðu byggðar 6 verksmiðjur, t. d. við Faxaflóa, Þingeyri, Skagaströnd, Sauðárkrók, Hrísey og Húsavík, sem áætla má að kostuðu 250 þús. kr. hver, þ. e. a. s. til samans 1 milljón og 500 þús. kr., vill Alþýðuflokkurinn veita til þeirra 625 þús. kr. í styrk (óafturkræft framlag ríkissjóðs), og að láni 40% af kostnaðarverðinu, eða 600 þús. kr. Eftir yrðu þá sam-
tals 275 þús. kr., sem hlutaðeigandi bæjar- eða sveit-
arfélag þyrftu að leggja fram, tæpar 50 þús. kr. hvert þeirra.

Alþýðuflokkurinn vill veita styrk og lán til að byggja niðursuðuverksmiðjur

(rækjur, síld, ufsa, lax og aðrar fisktegundir), þar sem skilyrði reynast bezt.

Ef þannig yrðu byggðar 6 niðursuðuverksmiðjur, t.d. í Reykjavík, Hafnarfirði, Bíldudal, Akureyri, Húsa-
vík og Norðfirði, sem ætla mætti að kostuðu 50 þús. kr. hver þeirra, vill Alþýðuflokkurinn veita til þeirra 75 þús. kr. styrk (óafturkræft framlag ríkissjóðs) og 225 þús. kr. að láni, þ. e. a. s. allt það fé, sem þarf til þess að byggja verksmiðjurnar.

Alþýðuflokkurinn vill veita styrk til veið- arfærakaupa,

þar sem teknar verða upp nýjar veiðiaðferðir, og til kaupa á nýjum og áður lítt- eða óþekktum veiðarfær-
um.

Alþýðuflokkurinn vill veita lán til þess að byggja nýja vélbáta innanlands, 25% af byggingarkostnaðin-
um; lánin eiga að vera vaxtalaus.

Ef byggðir væru í landinu árlega vélbátar, sem væru samtals um 200 smálestir, vill Alþýðuflokkurinn veita til þeirra 500 kr. lán á hverja smálest, eða alls 100 þús. kr. Ef meira væri byggt, myndi lásupphæðin alls hækka að sama skapi. Lánin yrðu veitt báta- og skipa-
smiðastöðvum gegn því skilyrði, að þær létu jafnhátt lán hvíla á bátnum til kaupandans.

Alþýðuflokkurinn vill veita lán til þess að kaupa 6 nýtizku togara með öllum útbúnaði til þess að vinna á sem margbreytilegastan hátt úr aflanum

(fyrst og fremst með beinamjölsvinnslu og fullkom-
inni lýsishreinsun um borð).

Ef áætlað er, að hver togari kostaði 700 þús. kr., eða nær tvöfalt meira en togararnir af gömlu og úreltu gerðinni, sem þjóðin byggir nú aðalatvinnuveg sinn á, myndi þessi nýi floti kosta alls 4 milljónir og 200 þús. kr. Þar af má fá að láni hjá erlendum skipasmíða-
stöðvum út á 1. og 2. veðrétt í skipunum 2 milljónir og 830 þús. kr. Ef eigendurnir væru bæjar- eða hrepps-
félög, ættu þau öll að leggja fram 10% af kaupverðinu, eða alls 420 þús. kr., en ef eigendurnir væru félag eða einstaklingar, þá ættu þeir að leggja fram 20% af kaup-
verðinu, eða alls 840 þús. kr. Það, sem á vantaði, ætlast Alþýðuflokkurinn til, að ríkið leggi fram að láni, og

yrði það 1 milljón og 50 þús. kr., ef bæjar- og hrepps-félög ættu í hlut, en 530 þús. kr., ef félög eða einstaklingar réðust í kaupin.

Ef byggð yrðu 20 hraðfrystihús, 6 sildarverksmiðjur, 6 niðursuðuverksmiðjur, keyptir í einu 6 nýttu togarar, og auk þess veittir riflegir styrkir til veiðarfæra- og lán til vélbátabygginga innanlands, vill Alþýðuflokkurinn, að ríkið verji til þess í styrkjum samtals 1 milljón og 225 þús. kr. og í lánnum samtals 3 milljónir og 175 þús. kr. Styrkirnir og lánin myndu þá nema samtals 4 milljónum og 400 þús. kr. Það eru ekki nema rúmlega tveir þriðju hlutar þess fjár, sem bankarnir eru búnir að auka í hina botnlausu hit Kveldúlfs.

Með þessu er hægt að skapa ný atvinnuskilyrði og stórkostlega bætt kjör alþýðunnar um land allt.

Það er þetta, sem Alþýðuflokkurinn vill.

Og hvað vilja hinir flokkarnir, Íhaldsflokkurinn og Framsóknarflokkurinn?

Þeir vilja halda áfram að auka fé þjóðarinnar í sukk og fjárglæfra Kveldúlfs, láta togaraflotann ganga úr sér og týna tölunni, þangað til þjóðin stendur uppi skipalaus og verkfæralaus til þess að notfæra sér mestu auðlindir landsins, en með milljónaskuldir hinnar gjaldþrota stórútgerðar „þjóðnýttar“. Það er sú „þjóðnýting“, sem þeir vilja.

Þjóðin mun við kosningarnar, sem nú fara í hönd, segja til um það, hvað hún vill heldur.

En auk þess vill Alþýðufl., að látin verði fram fara athugun á rekstri og efnahag þeirra togarafélaga, sem fyrir eru í landinu.

Sýni sú athugun það, að einhver þessara fyrirtækja eigi ekki fyrir skuldum eða rekstur þeirra geti ekki

borið sig á þeim grundvelli, sem þau nú eru rekin á, þá verði þau tekin til uppgjör og öll þau skip sameinuð undir stjórn eins félags, er annist rekstur þeirra. Ríkið og bankarnir verði þátttakendur í stofnun slíks félags.

Þetta vill Alþýðuflokkurinn gera til þess að tryggja það, að rekstur togaranna stöðvist ekki,

vegna fjárhagsvandráða eigendanna, og til þess að fyrirbyggja, að skipin verði seld

eða flutt frá þeim stað, sem þau eiga heima í, eins og hvað eftir annað hefir komið fyrir, þegar bankarnir einir hafa gert félögin upp.

Hvernig vill Alþýðuflokkurinn fá fé til þessara framkvæmda?

Alþýðuflokkurinn leggur til, að Fiskimálasjóður verði eflaður með því að láta til hans renna útflutningsgjald af sjávarafurðum, öðrum en saltfiski, sem alveg fellur niður gjald af. Fengi hann þá í árlegar tekjur um 700 þús. krónur.

Mundi það fé nægja án nokkurrar lántöku, ef framkvæmdinni yrði ekki hraðað verulega, en þar sem óhjákvæmilegt er, að nú á næstu 2—3 árum verði lagt kapp á framkvæmdir þessar, ætlast Alþýðufl. til, að Fiskimálasjóður fengi heimild til lántöku — allt að 3 milljónum króna — til þess að hafa nægilegt fé til þessara ráðstafana.

Alþýðuflokkurinn er fús til að bæta ríkissjóði þann tekjumissi, er hann biður við þessar ráðstafanir.

Ummæli íhaldsins um síldarútveginn.

Pétur Ottesen:

... „Fyrst eru þá útlendingarnir eingöngu sem sleikja rjómann af síldveiðunum, og nota til þess innlendan vinnukraft. Og þó ekki séu metin öll þau spjöll, sem orðið hafa á hugsunarhætti fólksins í þessu sambandi, fyrir áhrif erlendra ómenningar, þá verður ekki með sanni sagt, að síldveiðarnar hafi reynzt þessu landi nein féþúfa né markað nein heillaspor á framfarabraut þjóðarinnar.“

(Alþt. 1926. Bls. 1942).

... „en hitt sagði ég, að mér litist svo á þessa atvinnugrein, að enginn skaði hefði verið fyrir þjóðina, þótt hún hefði aldrei rekin verið.“

... „að síldarútvegurinn er landbúnaði okkar þungur í skauti.“ ...

... „enda stunduð af ruslaralýð og landshornafólki.“

(Alþt. 1926: Sala á síld. Bls. 1970).

Magnús Guðmundsson:

... „Ég er samdóma nefndinni um að síldveiðar séu — eins og þær eru nú stundaðar — því miður óhollur atvinnuvegur. Ég neita ákveðið, að síldveiðarnar eigi skilið ívilnanir öðrum atvinnuvegum fremur. Síldveiðarnar eru verstí keppinautur bænda. Þeir kvarta um vöntun

vinnuafli um sláttinn; hver getur reiknað út það bøl, sem af því getur leitt og hefir leitt?“

(Alþt. 1921. Bls. 937—938).

... „Menn sjá að þetta er ekki hollur atvinnuvegur fyrir þetta land“.

(Alþt. 1921: Útflutningsgjald af síld. Bls. 948).

Sig. Eggerz:

... „Hér er verið að leggja ríkissjóðinn í stórkostlega hættu vegna síldveiðanna ...

Menn höfðu búizt við öðru en að ríkissjóðurinn væri dreginn inn í síldina ...

En min afstaða til málsins byggist ekki á alvöruleysi heldur hreinni og beinni alvöru.“ ...

(Alþt. 1928: Síldarbræðslustöðvar. Bls. 3487—3742).

Íhaldið sá þó framtíðarmöguleika síldarútvegsins og benti á leið til að auka markaðinn!

Björn Líndal:

„Hann (maður, sem hann hafði talað við) fullyrti, að selja mætti síldina í Rússlandi, þó að hún væri búin að liggja lengi í tunnunum, og væri jafnvel orðin að hálfgerðu mauki. — Er únn til úr henni sérstakur réttur, er rússneskir bændur borða mikið. — Er enginn vafi á því, að gera má góðan mat úr henni, þótt árgömul sé eða meira.

(Alþt. 1926: Sala á síld. Bls. 1927—1987).

X. Iðnaðarmál

Hvað vilja

iðnaðarmenn

og hvað vill

Alþýðuflokkurinn?

Hvers þarfnast iðnaðurinn

á næstu árum?

Kosningarnar 1937

Alþýðuflokkurinn bar fram til sigurs kröfur iðnaðarmanna um lögvernd fyrir stétt þeirra.

Í áratugi höfðu iðnaðarmenn barizt fyrir því að fá atvinnuréttindi sin lögvernduð. En það hefir bæði þýðingu fyrir iðnaðarmenn og þjóðina í heild. Lögin eiga að tryggja iðnaðarmönnum lífvænleg atvinnuskilyrði og þjóðina gegn fúskurum og lélegri iðnaðarvöru og vinnubrögðum. Árið 1927 voru kröfur iðnaðarmanna um lögvernd stéttarinnar orðnar svo háværar og þjóðinni svo ljós réttmæti þeirra, að íhaldið, sem þá réði lögum og lofum og hét réttu nafni, þorði ekki að leiða það að öllu leyti hjá sér lengur, enda stóðu þá kosningar fyrir dyrum.

Voru þá sett lögin um iðju og iðnað, en svo frá þeim gengið, að enginn gat við unað, og komu þegar í stað fram kvartanir hvaðanæva að. Bar það fyrst til, að lögin giltu aðeins fyrir lítinn hluta landsins, kaupstaðina eina. Þeir iðnaðarmenn og allir landsmenn, er utan kaupstaða bjuggu, voru jafn réttlausir eftir sem áður. Þá gat og hvaða fúskari sem var, ef hann gekk einn að vinnu eða með fjölskyldu sinni, stundað hvaða iðn sem var jafnt í kaupstöðum sem annarsstaðar. Bæjarstjórnir og lögreglustjórar gátu ennfremur „búið til iðnaðarmenn“ þ. e. löggilt hvern sem var, til hverskonar iðnaðarstarfa.

Þetta var löggjafarstarfsemi íhaldsins fyrir iðnaðarmenn. Gilti þessi löggjöf að mestu leyti óbreytt fram

til ársins 1936, er Alþýðuflokkurinn fékk þann kafla laganna, sem hljóðaði um iðnað, saminn algerlega upp að nýju, og voru þar teknar upp allar þær kröfur, sem iðnaðarmenn höfðu gert um réttarbætur sér til handa. Þessar tillögur Alþýðuflokksins náðu samþykki Alþingis að því undanskildu, að Sjálfstæðisflokknum, með aðstoð nokkurra íhaldssamra Framsóknarmanna, tókst að spilla því, að lögin giltu í öllum atriðum undantekningarlaust fyrir allt landið. Að öðru leyti má fullyrða, að iðnaðarmannastéttin sé að öllu leyti ánægð með lögin eins og þau nú eru, og kunní að meta störf Alþýðuflokksins að þessum réttarbótum.

Alþýðuflokkurinn hefir barizt fyrir og fengið framgengt lögvernduðum réttarbótum fyrir iðnnema.

Á sama þingi (1927) sem íhaldið setti hin illræmdu lög um iðju og iðnað, setti það einnig lög um iðnaðarnám, sem frá upphafi hafa að sínu leyti verið álika illa þokkuð. Árið 1935 voru þessi lög endurskoðuð að tilhlutun Alþýðuflokksins og gerðar á þeim róttækar breytingar, sem í aðalatriðum voru sem hér segir:

1. Daglegur vinnutími iðnnema var stytur að miklum mun.
2. Sumarleyfi var lögfest.
3. Fulltrúum sveinfaélaga í iðnráði var tryggður réttur til íhlutunar um ráðningarkjör nemanna.
4. Aldurslágmarkið var hækkað um eitt ár, úr 15 í 16.
5. Framfærsluskylda meistaranna við nemana var tryggð betur en áður.

6. Nemunum var tryggð öruggari kennsla með því að ákveða lágmark vinnustunda við iðnina á náms-tímanum og ennfremur með því, að meisturum ein-um var heimilað að taka iðnnema til kennslu.

Með lögum þessum hefir fengizt stórkostleg réttar-bót fyrir alla iðnnema, og þar með fyrir iðnaðarmanna-stéttina í framtíðinni.

En Alþýðuflokkurinn vill tryggja enn betur menntun iðnaðarmanna.

Hann vill tryggja sem bezt með hæfnisprófum, að sem sérhæfastir menn veljist til hvernar greinar, að iðnskólarnir verði gerðir að ríkisskólum, að sjálft iðn-aðarnámið verði betur skipulgt í sérstökum undir-búnings- og fagskólum í sem flestum greinum og síð-ast en ekki sízt sveinum tryggð sem allra bezt fram-haldsmenntun með námskeiðum, utanferðum og á annan hátt.

Alþýðuflokkurinn hefir barizt og mun berj-ast fyrir því, að iðnaðurinn verði þriðji höf-uðatvinnuvegur þjóðarinnar.

Hann hefir fyrstur allra stjórnmalaflokka borið fram og fengið samþykkt á Alþingi lög um skipulags-bundna margháttada vernd og stuðning við iðjustarf-semina í landinu.

Má þar fyrst nefna lög um hlunnindi fyrir ný iðn-og iðjufyrirtæki (1935), sem kveða svo á, að slík fyrir-tæki skuli vera útsvars- og skattfrjáls fyrstu 3 árin, sem þau starfa.

Í öðru lagi lög um iðnlánasjóð (1935), sem enn er aðeins visir að því, sem verða þarf, þar sem aðeins er gert ráð fyrir að ríkissjóður leggi sjóðnum einar 250 þús. kr. alls, enda hefir Alþýðufll. þegar borið

fram frumvarp um stórkostlega aukningu á sjóðnum. Sjóðurinn er enn aðallega ætlaður handiðnaðarmönn-um og smærri iðnrekendum, en í hinu nýja frv. Al-þýðuflokksins um iðnlánasjóð er gert ráð fyrir, að verksvið hans verði stórkostlega aukið.

Í þriðja lagi voru gerðar viðtækar breytingar á tollalögunum (1935) til að að létta undir með iðju-starfsemi í landinu, eftir að farið hafði fram, að frumkvæði Alþýðuflokksins, gagnger rannsókn á tollkjörum iðnaðarins. En við þá rannsókn komu í ljós hinar fáheyrðustu fjarstæður, svo sem, að tollur af fullunnum iðnaðarvarningi var í mörgum tilfellum lægri en tollurinn á þeim efnivörum og vélum, sem þurfti til framleiðslu þessa varnings hér á landi. Tolla-skipun þessa hefir Alþýðuflokkurinn leyft sér að kalla

„verndartoll fyrir útlendinga“.

Með hinum nýju lögum var þetta lagfært þannig, að ýmist var lækkaður tollur á vélum og hráefnum eða hækkaður tollurinn á fullunnum vörum.

Vegna hins öra viðgangs iðnaðarins þarf að vera vel á verði framvegis og breyta tollalögunum í sam-ræmi við réttmætar og sanngjarnar kröfur hans.

Alþýðuflokkurinn hefir átt frumkvæði að ítarlegri rannsókn á skilyrðum fyrir nýrri iðjustarfsemi í landinu.

Í nefndaráliti skipulagsnefndar atvinnumála eru birtar niðurstöður þýðingarmikilla rannsókna um þessi efni, sem sýna, að viðtækir möguleikar eru fyrir hendi um stofnun og starfrækslu margvíslegrar nýrr-ar iðjustarfsemi í landinu. Árið 1934 voru fluttar inn vörur, að langmestu leyti beinar iðnaðarvörur, sem

sannað er að framleiða má innanlands við viðunandi skilyrði, fyrir

11½ millj. kr.

og vörur, sem líkur eru til, að einnig mætti framleiða eða vinna hér á landi, fyrir

5,3 millj. kr.

Hið opinbera hefir þegar hafið stóriðju í landinu með æ fleiri sildarbræðsluverksmiðjum ríkisins, aukinni starfsemi þeirra, eflingu Landssmiðjunnar o.fl. En auk þess hefir hið opinbera fyrir forgöngu Alþýðuflokksins veitt stuðning með ábyrgðum, fjárframlögum og á annan hátt iðnaðarfyrirtækjum bæjarfélaga, samvinnufélaga og hlutafélaga, sem ráðist hefir verið í á síðustu árum (mjólkuriðnaður, tunnugerð, hraðfrysting, niðursuða, raftækjagerð, vikurvinnsla, málningarvöruvinnsla o. fl. o. fl.). En í skjóli þeirrar lagasetningar, sem áður hefir verið getið og fyrir það, að hönd er höfð í bagga með innflutningnum, hafa risið upp stærri og smærri iðn- og iðjufyrirtæki, sem of langt yrði upp að telja.

Alþýðuflokkurinn vill stuðla að áframhaldi aukningu iðjustarfseminnar í landinu.

Hann vill tryggja iðnaðinum:

1. Vísindalega forustu, sem grundvöllur hefir verið lagður að fyrir forgöngu hans með stofnun Rannsóknarstofnunar í þágu atvinnuveganna.

2. Aukið starfsfé með eflingu iðnlánasjóðsins, sem eftir frv. Alþýðuflokksins á að eignast með framlagi ríkissjóðs og 1% tolli á innfluttum iðnaðarvörum, höfuðstól að upphæð

8 millj. kr.

3. Takmörkun á óheiðarlegri samkeppni og tryggingu gegn rekstursóreiðu stórra fyrirtækja fyrir eftirlit af hálfu hins opinbera.

Alþýðuflokkurinn vill auka byggingastarfsemina í landinu, í bæjum og sveitum.

Hann vill efla byggingarsjóð verkamanna og Byggingar og landnámssjóð til aukinna lánveitinga og skipulegri framkvæmda, þannig að byggt sé reglulega á hverju ári ákveðinn fjöldi íbúða fyrir verkamenn og bændur í bæjum og sveitum.

Enn eru til í landinu á 4. þús. torfbærir og að minnsta kosti annar eins fjöldi litt nothæfra íbúða, sem þurfa að víkja fyrir nýjum, hollum og hentugum húsakynnum. Mannfjölgunin krefst auk þess í sífellu nýrra íbúða frá grunni. Lág tælað þarf að byggja árlega í landinu

800 nýjar íbúðir

en það er

ársatvinna fyrir 2600 iðnaðarmenn og byggingar-verkamenn.

Iðnaðurinn hefir skilyrði til að vera einn af þremur höfuðatvinnuvegum þjóðarinnar og ekki hinn þýðingarminnsti. Hann á kröfu á því, að honum sé skipaður sess við hlið hinna tveggja höfuðatvinnuveganna, sem mest eru metnir og mest er gert fyrir.

Alþýðuflokkurinn vill leiða hann þar til sætis.

Vilja iðnaðarmennirnir sjálfir hjálpa honum til þess?

XII. Breiðfylkingin

Eru
óvenjulegir
atburðir
í vændum?

Á Breiðfylkingin
nokkuð skylt
við nazisma?

Kosningarnar 1937

ÞAD er nú loks orðið öllum ljóst, sem margir sáu fyrir, að Sjálfstæðisflokkurinn og Nazistaflokkurinn er einn og sami flokkur, enda hafa báðir flokkarnir þegar viðurkennt þetta, svo að ekki er um að villast.

Nazistaflokkurinn hefir viðurkennt þetta með því að bjóða ekki fram við þær kosningar, sem nú fara í hönd, hvorki í Reykjavík, þar sem þeir helzt eiga fylgis von, né á landslista til þess að prófa fylgi sitt með þjóðinni, eins og hver einn og einasti flokkur myndi gera, sem ætlaði sér að inna hlutverk sitt af hendi undir eigin nafni og merki.

Málgögn Sjálfstæðisflokksins og foringjar hans hafa staðfest þetta samband flokkanna á margvíslegan hátt undanfarið — og er fullvíst, að nazistarnir treysta forsprökkum Sjálfstæðisflokksins fullkomlega til að rækja það hlutverk í þjóðmálum, sem þeir ætluðu sér sjálfir í upphafi.

Um þetta er bezt að færa sem vitni foringja og málgögn Sjálfstæðisflokksins og fara hér á eftir nokkrir vitnisburðir þeirra:

Lýsing Jóns Þorlákssonar á íslenskum nazistum í þingræðu 1933:

„Æskumenn með hreinar hugsanir“.

Þessir æskumenn með „hreinar hugsanir“ hafa margsinnis ráðizt að pólitískum andstæðingum sínum á götum Reykjavíkur og tvívegis að næturlagi, margir að einum og barið þá til óbóta. — Þeir hafa stolið

einkagögnum úr vörzlum andstæðinga sinna og stært sig af því á eftir í skjóli „Morgunblaðsins“ og „Vísis“, sem jafnan hafa tekið málstað þeirra.

Foringi þessara æskumanna með „hreinu hugsanirnar“ hafði, áður en foringi Sjálfstæðisflokksins gaf þeim þennan vitnisburð, mælt á þá leið um andstæðinga sína á opinberum útifundi við Varðarhúsið,

að réttast væri „að slátra þeim, salta kjötið niður í tunnur og senda til Noregs.“

Í sama mund ritar einn af þingmönnum Sjálfstæðisflokksins, Gísli Sveinsson, fyrirhugaður dómsmálaráðherra í ráðuneyti Ólafs Thors, grein í Morgunblaðið (25. maí 1933), er hann nefnir: Sjálfstæði og þjóðerni, þar sem hann fagnar stofnun Nazistaflokksins hér. Þar segir:

„Hafa sjálfstæðissamtök hinna yngri þegar komizt á fastan grundvöll í Reykjavík og víðar, svo að ný

endurvakning flokkshugsjónanna

er í aðsigi. Og nú síðast hafa hinir djörfustu þeirra fylkt liði í höfuðstað landsins, með hreina þjóðernisstefnuskra, og því ákveðna markmiði að vinna bug á hinum innfluttu niðurrifsstefnum, hvort sem birtast í líki hinna hárauðu eða hálfrauðu — og er það

lífsnauðsyn þessari þjóð

eins og öðrum, er við slíkt eiga að búa. Það verður mesta afrek aldarinnar

á vettvangi þjóðfélagsmálanna að koma því fram.

Vér höfum nógu lengi leyft þessum lýð að vaða uppi, og að sumu leyti var það óhjákvæmilegt, til þess að ginntur almennitur fengi að átta sig af sjálfsraun. En nú verða menn að sjá, hvar komið er ... Þegar

samtök allra þessara niðurrífsflokka eru orðin opinber um það, að sporna við því að uppi sé haldið af ríkinu (svo sem alskýlt er)

nægilega styrkri lögreglu

til þess að lögum verði framfylgt, verða borgaranir að taka til sinna ráða, enda er

sá bakhjarlinn öruggastur,

jafnvel þótt nothæfri bæjarlögreglu sé á að skipa. Því er ekki að neita, að síðari árin hefir þjóðleg vakning, þjóðernis og endurreisnarhreyfing, farið um hin helztu þjóðlönd álfunnar, og hefir ekkert staðizt við. Er hún eðlilegt endurkast gegn niðurrífs-, síðspillingar og trúleysisöld þeirri, sem á undan er gengin. Um norðan-verða álfuna hefir hreyfingin að sjálfsögðu mótazt í anda þess þjóðernis, er þar ríkir að stofni, hins germansk-norræna, og til þess stofns heyrum vér Íslendingar. Sú stefna er því hvorki né getur verið erlend hér, hún er blátt áfram vort og

allra norrænna þjóða innsta líf.

Og hún verður þeirra

eina bjargráð, ef þjóðernið á að varðveitast um aldir framtíðarinnar.

— — —
Með þeim formála

þjóðum vér þjóðernishreyfinguna velkomna.

— Hvort sem þeir, er að henni standa, kallast þjóðernissinnar eða annað því líkt, eiga þeir að tilheyra hinni íslenzku sjálfstæðisstefnu og eru

hluti af Sjálfstæðisflokknum . . .“

Veitið því athygli, að þetta segir einn helzti þingmaður Sjálfstæðisflokksins í aðalmálgagni hans.

Hlutverk Sjálfstæðisflokksins, ef hann vinnur kosningar.

Séra Knútur Arngrímsson segir í kosningahefti tímaritsins „Stefnir“ 1934 um hlutverk Sjálfstæðisflokksins, ef hann vinni kosningarnar:

„Nái flokkur okkar völdum eftir næstu kosningar, þá þarf hann ekki að hugsa sér að halda þeim stundinni lengur, ef hann lætur það með öllu afskiptalaust, hvaða lífsskoðanir eru boðaðar þjóðinni.

Hann verður að taka sér til fyrirmyndar þær þjóðir, sem rekið hafa „rauðu hættuna af höndum sér.“

Hann leggur sérstaklega áherzlu á, hversu mikið umburðarlyndi það sé að lofa öðrum en íhaldsmönnum „að hafa málfrelsi og ríffrelsi“, og er á nazista vísu svo blygðunarlaus að ljúka máli sínu með því að minnst Sjálfstæðisflokksins sem flokks, „sem hefir valið sér það háleita hlutverk að vernda einstaklingsfrelsið með þessari þjóð“! !

Hlutverk Sjálfstæðisflokksins, ef hann vinnur EKKI kosningarnar.

Ungur Sjálfstæðismaður skrifar í Vísu 4. maí 1937 um æskuna og kosningarnar:

„Henni“

(þ. e. þeirri æsku, sem fylgir Sjálfstæðisflokknum að málum)

„er það ljóst, að ef þessar lýðræðislegu kosningar, sem nú eru skammt undan, megna ekki að hrinda hinu grímuklædda einræði af stóli, þá munu hefjast hér bræðravíg,

sem muni lykta með því, að ómetanleg menningar-einkenni þjóðar vorrar muni glatast.“

Hverjir myndu hefja þessi bræðravíg?

Ekki myndu þeir flokkar gera það, sem hefðu fengið meiri hluta við þessar „lýðræðislegu kosningar“, því að þeir þyrftu ekki á manndrápum að halda til þess að koma stefnumálum sínum fram.

Hverjir myndu þá gera það?

Breiðfylkingin eftir kosningaósigurinn!

Það er eina skýringin á þessari grein í málgagni Sjálfstæðisflokksins.

Daginn eftir 1. maí, þegar nazistar höfðu þá um nóttina ráðist á einn af vinsælustu forvígismönnum verkalyðssamtakanna, verkamaðurinn Sigurð Guðmundsson, fjármálaritari Dagsbrúnar, og barið hann til óbóta, birtir Morgunblaðið stóra grein, þar sem það boðaði andstæðingunum fyrirætlanir sínar, ef Sjálfstæðisflokkurinn næði ekki völdum í kosningunum. Fyrirmyndin (þ. e. þýzki nazisminn), er þar viðurkennd heinum orðum, svo að ekki er um að villast.

Orðrétt segir blaðið:

„Það er því gott fyrir þessa menn (þ. e. forvígismenn stjórnarflokkanna) að líta til Þýzkalands. Þeir sjá þar tvennt:

1. Ástandið, sem þeir eru að hjálpa til að skapa.

2. Þau

hörkubrögð, sem beita verður . . .“

Samúð íhaldsins við ofbeldisflokka einræðislandanna.

Ekkert sannar betur nazistatilhneigingar íhaldsflokksins og blaða hans, heldur en skrif þeirra um erlend stjórnsmál, enda er þar hægara að koma við

áróðrinum fyrir einræði og ofbeldi en í umræðum um innanlandsmál.

Menn minnst með hve miklum fögnuði Morgunbl. sagði frá því, að „uppreisn í Vín hefði verið barin niður“. Einræðisklikan í Austurríki braut þá á bak aftur félagssamtök verkamanna og jafnaðarmanna, skaut með vélbyssum á ráðhús borgarinnar og handtók borgarstjóra jafnaðarmanna, fulltrúa meirihluta bæjarstjórnarinnar, sem studdir voru af 60% allra kjósenda í borginni. Þessi bæjarstjórn hafði unnið meira þrekkvirki í þjóðfélagslegum umbótum eftir heimsstyrjöldina en nokkur önnur stjórn í heiminum, enda fóru mannvínir úr öllum heiminum pílagrímsferðir til Vínarborgar til að læra af fordæmi hinna austurrísku jafnaðarmanna. Þegar vopnuð einræðisklika kæfði þessi samtök í blóði verkamanna í Vín og þeir — um seinan — vörðu sig með vopni í hönd, unz heimili þeirra og samtök lágu í rústum, þá gleiðletraði Mbl. fagnaðarfréttirnar um „uppreisnina, sem varð bæld niður“ og birti grein þrungna af ósannindum eftir einn kaþólska fasistann í Vínarborg.

Lofgerðin um Þýzkaland og rógurinn um lýðræðis-sinna á Spáni segir þó skýrast til.

Í að meðaltali þriðju hverri Lesbók Morgunbl. sl. ár hafa verið greinar um Þýzkaland og þýzk málefni með tilheyrandi myndum.

Á fjöggra ára afmæli þýzku nazistastjórnarinnar, 30. jan. síðastl., er löng lofgrein um Hitler og mynd.

„Í flestum öðrum efnum hefir honum orðið vel á-gengt og fjöggra ára áætlunin, sem sagt var frá í byrjun þessarar greinar, hefir staðizt.“

Næsta dag, 31. jan., birtir svo blaðið alla ræðu Hitlers með feitum fyrirsögnum, kaflaskiptingu og allskónar útflúri.

Aðalfyrirsögn blaðsins er: „Engin þjóð getur endur-

reist æru sína með samningum“. — Lesendum er ætlað að skilja, að ofbeldið sé mesta „ærureisnin“.

Þá blöð „Lýðræðisflokka“ munu hafa tekið fregninni um að Ossietsky hefði fengið friðarverðlaun Nobels á sama hátt og Morgunblaðið.

Það birtir frásögnina með þessari fyrirsögn:

„Landráðamaður fær friðarverðlaun Nobels“. Þessi verðlaun voru veitt af norska Stórþinginu.

Sömu fyrirsögn höfðu þýzku nazistablöðin, þegar þau sögðu frá fregninni.

Þá er ekki síður kunnug afstaða Morgunblaðsins núna í taþt ár til hinnar löglegu Lýðræðisstjórnar á Spáni og spönsku fasistanna.

Blaðið hefir frá upphafi, bæði í einkaskeytum sínum, fyrirsögnum þeirra, myndum og í ritstjórnargreinum látið í ljós svo ákveðna þjónustu við málstað uppreisnarmanna og fjandskap sinn gegn hinni löglegu lýðveldisstjórn, að jafnvel vegna áhrifa frá síðaðri flokksmönnum þess hefir það verið neytt til að draga úr áróðri sínum fyrir fasistana nú rétt fyrir kosningarnar og þó sérstaklega síðan Franco fór að veita miður.

Blaðið hefir talað um „ógnaröld rauðra bófa á Spáni“, um „siðspillingu og ofsóknarstefnu“ vinstri flokkanna þar, en fagnað yfir grimmdarverkum fasistanna, sem hafa gert uppreisn gegn löglega kosinni lýðræðisstjórn og vakið viðbjóð með framferði sínu í öllum lýðfrjálsum löndum, eins og ensk, amerísk og skandinavisk borgarablöð bera greinilegastan vott um.

Er nýheiðni þýzka nazismans að hertaka íhaldið?

Svo mjög gætir áhrifa hins þýzka nazisma innan Sjálfstæðisflokksins, að þessi flokkur, sem við hverj-

ar kosningar hefir notað kristindóminn til áróðurs fyrir sig og svivirt andstæðinga sína fyrir guðleysi og trúleysi, hefir að þessu sinni ekki látið eitt gott orð frá sér heyra! — Þetta eru greinileg áhrif frá ofsóknum þýzka nazismans gegn kirkju og kristindómi og sýnir glögg, hvernig hið nazistiska hugarfar er búið að gagnsýra vissar klikur innan Sjálfstæðisflokksins.

Þegar kúla Breiðfylkingarinnar hittir andstæðingana á réttan stað.

Fyrir nokkru fékk ritstjóri Alþýðublaðsins eftirfarandi hótunarbréf, sem lýsir betur en nokkuð annað hinu rétta hugarfari liðsmanna Breiðfylkingarinnar:

„Herra Rútur Valdimarsson.

Brátt fer 1. maí í hönd. Þá hafið þér venjulega hafið svæsnar árásir á Flokk þjóðernissinna í blaði yðar. Hingað til hefir lítið eða ekkert mark verið tekið á röfli yðar, en nú gegnir öðru máli. Ef þér birtið nokkuð styggðaryrði í garð þjóðernissinna fyrir 1. maí þá verðið þér dauður maður að kvöldi hins 1. maí. Getur verið, að þér brosið að þessu nú, en það bros mun stírna á yður, þegar byssukúlan hefir hæft yður á réttan stað. Þér ráðið hvort þér takið nokkurt mark á þessu bréfi eða ekki. En eitt er víst, að ekkert mun hindra mig í ásetningi mínum ef þér ekki hlýðið. Því að ennþá eru til Íslendingar, sem ekki þola föðurlandsniðingum allt. Eg er gamall Alþýðuflokksmaður, en augu mín lukust upp fyrir blekkingum marxisma í tæka tíð. Og nú er ég brennheitur föðurlandsvinur og þjóðernissinni. Ef þér birtið þetta bréf, þá munuð þér sæta sömu örlögum og þegar hefir verið talað um. Munið þér að ráðast ekki á þjóðernissinna í sorp-

snepli yðar. Munið að birta ekki þetta bréf, ekkert getur forðað yður undan áformi mínu.

Ef þér óhlýðnist?"

Hvaðan er Breiðfylkingarnafnið?

Úr einkaskeyti til Mbl. 21. apríl:

„.... Hefir Franco gefið út tilskipun um, að öllum flokkum, sem styðja hann, skuli steyppt saman í einn flokk, er nefnist „phalangistar“, en spanskir fasistar nefndust áður þessu nafni.

Aðalstuðningsmenn Francos eru fasistar, konungssinnar og carlistar, sem jafnan hafa átt í erjum innbyrðis.“

„Phalangistar“ er dregið af gríska orðin „falax“, á latínu „phalanx“, sem táknaði vissa fylkingarskipun í hernaði, og hefir síðan orðið að alþjóðaorði. Í hinni dansk-íslenzku orðabók Freysteins Gunnarssonar er „Falanks“ þýtt með orðinu „breiðfylking“, og orðið „breiðfylking“ er þýtt með „Falanks“ í hinni íslenzk-dönsku orðabók Sigfúsar Blöndals.

Rúmri viku síðar (eða 29. apríl) en Mgb. flutti fregn sína um „phalangista“ Francos, skýrði það í fyrsta sinni frá breiðfylkingu andstæðinga sósíalísmans á Íslandi: nazista, Sjálfstæðismanna og Bændaflokksins (sbr. fasistar, konungssinnar og carlistar).

Það er alveg augljóst, að hinir þekkingarlitlu og óhugkvæmu ritarar Mgb. hafa farið að rýna í orðabækur til að finna merkingu hins nýja nafns á flokki Francos. Og þar með hefir það ljós runnið upp fyrir þeim, að hér væri fundið hæfilegt nafn á andstæðingum vinstri flokkanna í landinu. Ekki aðeins stefnan og hugarfarið, heldur líka nafn afturhaldslíðsins íslenzka er því sótt í herbúðir erlendra fasista.

Þar sem Breiðfylkingin sigrar.

Verkalýðsfélögin og kaupfélögin bönnuð, sjóðir þeirra og húseignir gerðar upptækar, foringjar þeirra fluttir í fangabúðir og barðir til óbóta. Það eru „þau hörkubrögð, sem beita verður“! „Viðnámið“ og hinir „óvenjulegu atburðir“! !

Ólaunuð þrælavinna undir lögregluettirliti, heraga og hvatningaræðum foringjanna. Þá vinnur „stétt með stétt“!

Börnin alin upp í skólunum til hermennsku og blóðsúthellinga til þess að gera þau „æskumenn með hrein-ar hugsanir“!

Allir stjórnmalaflokkar aðrir en breiðfylkingin bannaðir. Aðeins kosið um einn lista, lista breiðfylkingarinnar, og þingið kemur saman klukkutíma þriðja-hvert ár til þess að hlusta á ræðu foringjans. Þá er lokið „siðspillingu lýðræðisins“!

Prentfrelsið afnumið. Engin blöð, önnur en blöð breiðfylkingarinnar, fá að koma út. Öll bókaútgáfa undir eftirliti. Ritdómar bannaðir. Frjálslyndir rithöfundar flæmdir úr landi eða settir í fangelsi. Bækur, hættulegar breiðfylkingunni, brenndar á báli. Það er „eina hjargráðið ef þjóðernið á að varðveitast“!

Fundarfrelsi afnumið. Njósningar við hvert einasta þil. Útvarpið aðeins notað í þjónustu breiðfylkingarinnar og bannað að viðlögðum fangelsisrefsingum að hlusta á útvarp frá lýðræðislöndum. Það er „hlutleysi útvarpsins“!

Háskólarnir og kirkjan í þjónustu breiðfylkingarinnar. Allir frjálslyndir háskólakennarar og prestar flæmdir úr embætti og settir í fangelsi. Þá er „sjálfstjórn háskólans“ tryggð og „kenningarfrelsi kirkjunnar“ borgið.

Vopnað slagsmálalið og stormsveitir til þess að viðhalda stjórn breiðfylkingarinnar; „enda er sá bak-hjarlinn öruggastur“!

Engir eru af innlendum stofni nema dyggustu þjónar breiðfylkingarinnar. Hinir eru réttlausir „rauðliðar“ og útlendingar í sínu eigin landi eða landflótta og föðurlandslausir.

Þá verður „Ísland fyrir Íslendinga“! !


Alþýða

um allt Ísland!

Vertu viðbúin

20. júní

1937



Íslenzk alþýða! Verndaðu samtök þín!

Gerðu skyldu þína við kjörborðið 20. júní.

Ávarp

frá forseta

Alþýðusambands

Íslands,

formönnum

verkalýðsfélaga,

iðnfélaga og

jafnaðarmannafélaga

í sambandinu.

ÖFL íhaldsins í landinu hafa nú sameinast undir forustu Eggerts Claessens til harðvítugrar árásar á hendur verkalýðnum og samtökum hans. Þessi árás þarf ekki að koma neinum verkamanni á óvart. Alt frá því fyrstu raddirnar létu til sín heyra, um sameiningu verkalýðsins til þess að bæta kjör hans, hafa íhaldsöflin beitt öllum þeim ráðum, sem þau réðu yfir til þess að koma samtökum verkamanna á kné. Neitun atvinnurekenda um viðurkenningu á verkalýðsfélögunum sem samningsaðila fyrir verkamenn, jafnhliða miskunarlausum ofsóknum á hendur þeim, sem gerðust meðlimir slíkra félaga, voru fyrstu vopnin, sem íhaldið bar á þessi samtök. Ofsóknirnar á hendur einstökum meðlimum verkalýðsfélaganna og sérstaklega á

hendur trúnaðarmönnum þeirra halda enn áfram í skjóli þess, að atvinnurekendur ráða einir yfir atvinnutækjunum, sem þeir reka fyrir sparifé allra landsmanna, sem bönkunum er falið til varðveislu. Neitun íhaldsins um viðurkenningu til handa samtökum verkalýðsins sem samningsaðila fyrir hans hönd hefur hinsvegar mist mátt sinn. Skilningur verkalýðsins sjálfs á nauðsyn samtakanna og takmarkalaus áhugi hans hefur knúið íhaldið til undanhalds í þessum efnum. En hörð er og hefur baráttan verið og einskis hefur íhaldið látið ófreistað til þess að eyðileggja samtök verkalýðsins og kúga hann í deilum um kjör hans og kaup.

Einasta vopnið, sem verkalýðurinn hefur haft í þessari baráttu hafa verið verkföllin.

Hvað eftir annað hafa verkamenn með verkföllum neytt atvinnurekendur til þess að viðurkenna samtök sín og ganga að kröfum sínum. Íhaldinu hefur altaf sviðið þetta og neytt allra bragða til þess að svifta verkamennina þessum dýrmætasta og næstum einasta rétti þeirra, verkfallsréttinum.

Hvað eftir annað hafa fulltrúar íhaldsins á Alþingi reynt að taka verkfallsréttinn af verkamönnum með lögum.

Frumvörp hafa verið flutt um gerðardóma og rikislögreglu, en verkalýðurinn hefur ætíð sjálfur haft bolmagn til þess að ónýta öll slík vélráð íhaldsins. Innan þingflokks Framsóknar hefur íhaldið jafnan fundið baráttufúsa bandamenn. Þingmenn Framsóknar hafa hvað eftir annað gerst flutningsmenn að hinum svívirðilegustu þrælalögum íhaldsins. Þetta hefur nú orðið ákaflega áberandi. Fulltrúar Kveldúlfs á Alþingi hafa á tveim seinustu þingum borið fram frumvarp Eggerts Claessens um vinnulöggjöf og fulltrúar Fram-

Kjósið frambjóðendur Alþýðuflokksins.

Hverju atkvæði á kommúnista er kastað á glæ.

Breiðfylkingarsigur býðir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sóknar hafa sýnt eindreginn vilja í þá átt að vinna með íhaldinu að framgangi málsins. Framsóknarþingmönnum er það hinsvegar ljóst, að samúð bændanna er með verkafólkinu. Bændurnir skilja afstöðu bræðra sinna við sjóinn, sem verða að vera á stöðugum verði fyrir árásum og launakúgun íhaldsins og þeir vilja ekki láta þingið setja verkafólkið á bekk með réttlausum þrælum. Af þessum ástæðum telja þingmenn Framsóknar það ekki heppilegt að gerast meðflutningsmenn að þrælalagafrumvarpi Eggerts Claessens. En sama takmarkinu vilja þessir þingmenn ná. Þeir hafa því breytt orðalaginu á frumvarpi Claessens og bera það síðar fram sem tvö frumvörp í þeim tilgangi einum að blekkja. En verkalýðurinn lætur ekki villa sér sýn. Hann hefur alltaf þekt þá, sem svíkjast vilja að honum og hann gerir það enn.

MÖRGUM verður á að spyrja, hversvegna íhaldið hefji einmitt nú baráttu fyrir vinnulögum.

Ástæðan er auðsæ. Íhaldið sér engin ráð til þess að sigrast á örðugleikum þeim, sem þjóðin á nú við að stríða nema með lækkun á launum verkamanna. Slíka launalækkun treystir íhaldið sér ekki til að framkvæma á meðan verkalýðurinn getur varið sig með samtökum sínum og verkföllum. Verkfallsréttinn verður því að dómi íhaldsins að taka af verkalýðnum áður en launalækkunarherferðin hefst,

og íhaldið hika ekki eitt augnablik við að stíga það spor. Framkoma þrælalagafrumvarpanna sannar það bezt. Tilraunir íhaldsins til þess að fá þau frumvörp samþykkt er því ekkert annað en ráðstöfun til þess, að binda hendur verkalýðsins áður en launalækkunarherferðin hefst. Þrælalagafrumvörpin eru þannig

fyrsti liðurinn í tilraun íhaldsins til þess að lækka gífurlega laun allra verkamanna og kvenna í landinu.

Slíkri tilraun verður og mun verkalýðurinn svara með mætti samtaka sinna, eins og hann hefur átið svarað öllum slíkum kúgunarherferðum áður.

UMBOÐSMENN Eggerts Claessens á Alþingi hafa neytt allra bragða til þess að fegra frumvörp sín fyrir verkalýðnum og véla hann til fylgis við þau. Hika þeir ekki við að beita í þeim tilgangi hinum grófustu lygum og blekkingum. Má í þessu sambandi benda á hinar mörgu tilraunir til þess, að telja mönnum trú um, að frumvörpin séu samin eftir verkalýðsmálalöggjöf Norðurlanda og að sú löggjöf sé samin af og að skapi verkalýðs þessara landa. Hvorttveggja er rangt. Ekkert frumvarpanna er samið eftir löggjöf nokkurs eins Norðurlandaríkjanna. Löggjöf þeirra er líka sett gegn vilja verkalýðsins. Bæði í Noregi og Svíþjóð voru gerð allsherjarverkföll þegar þessi lönd samþykktu sín vinnulög, enda eru í þeim ákvæði, sem eru verkalýðnum mjög fjandsamleg og í hvorugu ríkjanna höfðu samtök verkamanna aðstöðu í þinginu til þess að ráða við málið er lögin voru sett. Fyrir ötula starfsemi verkalýðssamtakanna í Danmörku, Noregi og Svíþjóð hefur síðar lánast að fá ýmislegt tekið upp í vinnulöggjöf þessara landa, sem verkalýðurinn er ánægur með, þó meira beri þar á ákvæðum, sem eru honum fjandsamleg og sett eru samtökum hans til höfuðs. Í vinnulagafrumvörpum þeim, sem nú liggja fyrir Alþingi,

eru tekin upp öll ákvæðin sem fjandsamlegust eru verkamönnum í vinnulöggjöf Norðurlanda, en þess vandlega gætt að taka þar ekkert með, sem þeim er vinveitt.

Slík eru heilindin í starfi umboðsmanna Eggerts Claessens. Úr þeirri átt var heldur ekki við öðru að búast.

Vinnandi menn og konur á Íslandi!

ÞÍ sjáið að fullkomin ástæða er til að taka nú þegar upp öfluga baráttu til verndar gegn árásum íhaldsins á hagsmuni ykkar. Sjálfstæðisflokkurinn, Bændaflokkurinn og Framsókn standa öll sameinuð að því að koma á þrælalögum Eggerts Claessens og með því gera ykkur vopnlaus í kauplækkunarherferð þeirri, sem íhaldið nú undirbýr gegn ykkur og telur einasta ráðið út úr erfiðleikum liðandi stundar. Alþýðusamtökin, ykkar eigin samtök, eru einu samtök landsins, sem tekið hafa upp baráttu gegn kúgunartilraunum íhaldsins. Þau eru því einustu samtökin, sem þið getið treyst í þess-

um málum. Undir merki þeirra getið þið verið örugg um að málstaður ykkar er bezt kominn og þar munuð þið sigra. Munið það, að í næstu kosningum verður barist um það, hvort íhaldið á að fá aðstöðu til að koma á þrælalögum sínum og með því ryðja kauplækkunum braut, eða hvort Alþýðusamband Íslands á að fá aðstöðu til þess að koma í veg fyrir að þrælalögin verði samþykkt og að þið standið áfram með verkfallsréttinn óskertan til þess að vernda ykkur gegn öllum launalækkunum.

Við skorum á alla vinnandi menn og konur í þessu landi að skipa sér undir merki Alþýðusamtakanna og taka upp með þeim baráttuna fyrir hagsmunum alþýðunnar í landinu og gegn þrælalögum íhaldsins.

Alþýðusamband Íslands,
Jón Baldvinsson.

Verkamannafélagið Dagsbrún, Guðmundur Ó. Guðmundsson.	Bifreiðastjórafélagið Hreyfill, Hjörtur B. Helgason.
Sjómannafélag Reykjavíkur, Sigurjón Á. Ólafsson.	Iðja, félag verksmiðjufólks, Runólfur Pétursson.
Verkakvennafélagið Framsókn, Jóhanna Egilsdóttir.	Starfsstúlknafelegið Sókn, Aðalheiður S. Hólm.
Hið íslenska prentarafélag, Magnús H. Jónsson.	Félag ísl. hljóðfæraleikara, Bjarni Böðvarsson.
Bakarasveinafélag Íslands, Dorgrils Guðmundsson.	Sveinafélag húsgagnasmiða, Guðmundur Breiðdal.
Stýrimannafélag Íslands, Jón Axel Pétursson.	Starfsmannafélagið Þór, Björn Pálsson.
Þvottakvennafélagið Freyja, Þuríður Friðriksdóttir.	Verzlunarmannafélagið, Tómas Jóhannsson.
A. S. B., Laufey Valdimarsdóttir.	Sveinafélag skipasmiða, Sigurður Þórðarson.
Sendisveinafélag Reykjavíkur, Guðjón Halldórsson.	Klæðskerafélagið Skjaldborg, Rv., Helgi Þorkelsson.
Félag járníðnaðarmanna, Loftur Þorsteinsson.	Sveinafélag húsgagnabólstrara, Reykjavík, Ragnar S. Ólafsson.
Bókbindarafélag Reykjavíkur, Jens Guðbjörnsson.	Verkakvennafélagið Framtíðin, Sveinlaug Þorsteinsdóttir.

Verkamannafélagið Hlíf, Helgi Sigurðsson.	Verkalýðsfélag Akraness, Sveinbjörn Oddsson.
Sjómannafélag Hafnarfjarðar, Þórarinn Guðmundsson.	Verkalýðsfélag Borgarness, Daniel Eyjólfsson.
Bakarasveinafélag Hafnarfjarðar, Magnús Einarsson.	Verkalýðsfélagið Afturelding, Hellissandi, Skúli Guðmundsson.
Kennarafélag Hafnarfjarðar, Ól. Þ. Kristjánsson.	Verkalýðsfélag Stykkishólms, Kristján Guðmundsson.
Verkalýðsfélagið Baldur, Ísafirði, Hannibal Valdimarsson.	Verkalýðs- og smábændafélag Hnappdælinga, Þorsteinn Guðmundsson.
Sjómannafélag Ísafjarðar, Arni Magnússon.	Verkalýðsfélag Patreksfjarðar, Davíð Davíðsson.
Vélstjórafélag Ísafjarðar, Sigurður Pétursson.	Verkalýðsfélag Tálknafjarðar, Jóhann L. Einarsson.
Verkamannafél. Þróttur, Sigluf., Jón Jóhannsson.	Verkalýðsfélagið Vörn, Bildudal, Ingimar Júlíusson.
Verkakvennafélag Siglufjarðar, Þorfinna Dýrffjörð.	Verkalýðsfélag Flateyjar, Arni Einarsson.
Losunar- og lestunarfélag Sigluf., Sigfús Ólafsson.	Verkalýðsfél. Brynja, Þingeyri, Sig. E. Breiðfjörð.
Sjómannafélagið Vikingur, Jón Jóhannsson.	Verkalýðsfél. Skjöldur, Flateyri, Halldór Vigfússon.
Verkalýðsfélag Akureyrar, Erlingur Friðjónsson.	Verkamannafélagið Súgandi, Súc., Bjarni G. Friðriksson.
Bílstjórafélag Akureyrar, Guðm. Snorrason.	Verkalýðsfélag Bolungarvíkur, Guðjón Bjarnason.
Iðja, Akureyri, Jón Hinriksson.	Verkalýðsfélag Hnífsdælinga, Guðm. Guðmundsson.
Starfsstúlknafelegið Sókn, Sólborg Einarsdóttir.	Verkalýðsfél. Álftfirðinga, Súðav., Ólafur Jónsson.
Verkamannafél. Fram, Seyðisf., Þorsteinn Guðjónsson.	Verkalýðsfélag Sléttuhrepps, Hesteyri, Guðmundur Bjarnason.
Verkalýðsfélag Norðfjarðar, Jóhannes Stefánsson.	Verkalýðsfélag Árneshrepps, Reykjarfirði, Sigurður Pétursson.
Sjómannafélagið Jötunn, Vestm., Guðmundur Helgason.	
Verkakvennafélagið Snót, Vestm., Kristin Ólafsdóttir.	

Miljónir til nýrra atvinnutækja — ekki milljónasúkk Kveldúlfs.

EKKI ÞRÆLALÖG — heldur vinnu og frið.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar. © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

- Verkalýðsfélag Hólmavíkur,
Guðmundur Jónsson.
- Verkamannafélagið Hvöt,
Hvammstanga,
Eiríkur Hjartarson.
- Verkalýðsfélag A.-Húnavetninga,
Blönduósi, Halldór Albertsson.
- Verkalýðsfélag Skagastrandar,
Björn Þorleifsson.
- Verkamannafélagið Fram,
Sauðárkróki, Árni Hansen.
- Verkalýðsfélag Dalvíkur,
Kristinn Jónsson.
- Verkamannafélag Glæsibæjarhr.,
Glerárþorpi,
Þorsteinn G. Hörgdal.
- Verkamannafélag Húsavíkur,
Ásgeir Eggertsson.
- Bænda- og verkamannafélag
Reykðelahrepps, S.-Þing.,
Tryggvi Sigtryggsson.
- Verkalýðsfélag Þórshafnar,
Guðmundur Einarsson.
- Verkalýðsfélag Vopnafjarðar,
Björn Jóhannsson.
- Verkamannafél. Árvakur, Esk.,
Arnfinnur Jónsson.
- Verkamannafél. Reyðarfjarðarhr.,
Ferdinant Magnússon.
- Verkalýðsfélag Fáskrúðsfjarðar,
Sveinn Guðmundsson.
- Verkalýðsfélagið Víkingur,
Vík í Mýrdal,
Guðmundur Guðmundsson.
- Verkamannafélagið Báran,
Eyrarbakka,
Þorvaldur Sigurðsson.
- Verkamannafélagið Bjarmi,
Stokkseyri,
Björgvin Sigurðsson.
- Verkalýðs- og sjómannafélag
Keflavíkur, Ragnar Guðleifsson.
- Sjómannafélag Patreksfjarðar,
Davið Daviðsson.
- Verkalýðsfélag Hriseyjar,
Ólafur Guðmundsson.
- Verkalýðsfélag Grindavíkur,
Erlendur Gíslason.
- Verkalýðsfélag Ólafsfjarðar,
Guðvarður Sigurðsson.
- Verkalýðsfélagið Jökull, Ólafsvík,
Ottó Á. Arnarson.
- Verkalýðsfélag Kaldrananeshr.,
Drangnesi, Guðni Guðmundss.
- Jafnaðarmannafélag Sauðárkróks,
Kristinn Gunnlaugsson.
- Jafnaðarmannafélag Reykjavíkur,
Héðinn Valdimarsson.
- Jafnaðarmannafél. Hafnarfjarðar,
Emil Jónsson.
- Félag Alþýðuflokksins, Ísafirði,
Guðm. Hagalín.
- Jafnaðarmannafélag Siglufjarðar,
Erlendur Þorsteinsson.
- Jafnaðarmannafélagið Akur,
Halldór Friðjónsson.
- Jafnaðarmannafél. Stykkishólms,
Guðmundur Jónsson.
- Jafnaðarmannafélagið Leiftur,
Patreksfirði, Sigurður Einarss.
- Jafnaðarmannafél. Frumherjar,
Þingeyri, Ingi S. Jónsson.
- Jafnaðarmannafél. Víkingur, Ve.,
Eliás Sigfússon.
- Jafnaðarmannafélag Húsavíkur,
Sig. Kristjánsson.

Alþýðan öll í einum flokki — Alþýðuflokknum.

Einkaskjalasáin Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasáin Reykjavíkur

Gutenberg

Verður þjóðveldið endurreist?

Eftir JÓNAS JÓNSSON

PRENTSMIDJAN EDDA H.F.
Reykjavík 1941

INNGANGSORÐ

I.

Um síðustu áramót fannst mér fullkomin ástæða til að ræða sjálfstæðismál þjóðarinnar. Ritaði ég þá um málið allitarlega blaðagrein. Ég varð var við að efni hennar vakti eftirtekt. Ég fékk áskoranir úr ýmsum áttum um að láta hana birtast í rillingsformi og gera ráðstafanir til að hún yrði lesin víðar um land, heldur en unnt er að gera ráð fyrir um blaðagrein. Ég fann að þjóðin er enn eins og 1908 og endranær á miklum tímamótum, vel vakandi um frelsismál sitt, og veit að það er stærsta mál íslenska kynstofnsins.

II.

Áhugasamir menn hafa ekki einungis viljað á margan hátt hlynna að því að áramótagein mín yrði sem víðast tekin til athugunar og efni hennar brotið til mergjar, heldur hafa einnig ýmsir frelsisvinir komið með nýjar röksemdir, sem eru til eflingu þeim málstað, að Ísland eigi nú í ár að endur-reisa hið forna þjóðveldi. Ég vil benda hér á nokkrar af þessum röksemdum.

Merkur lögfræðingur benti á það, að ef Alþingi í vetur færi þá leið að telja sambandssáttmálann frá 1918 í gildi og óskaði eftir endurskoðun á honum, þá yrði að biða eftir hentugleikum Dana til ársloka 1943. Ef stríðið héldi áfram allan þann tíma yrði íslenska þjóðin að sætta sig við að berast fyrir vindi og straum eins og skip með brotið stýri. En ef svo vel tækist til að friður yrði saminn eftir 1—1½ ár, á þann hátt að Danir héldu frelsi sínu, þá yrðu Íslendingar að kalla heim alla starfsmenn sína, sem vinna ytra að mál-efnum landsins, og láta starfsmenn Dana taka aftur við þeim störfum fyrir Íslendinga. Síðan yrði byrjað að reifa endurskoðaða sáttmálann við Dani og því máli að lokum hafnað. Þá yrði Ísland að byrja aftur á nýjan leik með utanríkismál sín og senda trúnaðarmenn sína að nýju út í lönd rétt eftir að þeir væru komnir heim. Það væri naumast hægt að hugsa sér öllu viðvaningslegri framkvæmd á utanríkismálum. Slíkur skripaleikur væri vel fallinn til að auka efastærni annarra þjóða um mátt Íslendinga til að fara með utanríkismál.

Þá hefir verið bent á þá hættu við bráðabirgðaskipulagið um meðferð hinnar æðstu stjórnar, sem leiðir af því að fimm menn eiga að gæta þess valds, sem verður að vera hjá einni persónu. Nýlega hefir einn af ráðherrum landsins veitt tiltölulega áhrifalítið og lágt launað embætti. Enginn efast um að hlutaðeigandi ráðherra hafi haft löglegan rétt til að veita þessa stöðu. En menn í öðrum flokki voru óánægðir með veitinguna af því þeir töldu að einn af samherjum þeirra væri betur fallinn til að gegna slíku starfi. Þá bendir einn af stjórnmalaritstjórum höfuðstadarins á, að ef hér hefði verið um að ræða konungslegt embætti, hefðu ráðherrar hins óánægða flokks, sem jafnframt fara með konungsvaldið, getað beitt synjunarvaldi sínu og hindrað embættisveitingu, sem að öðru leyti var lögleg. Hér er bent á auðsæja hættu. Sömu menn fara með hið pólitíska framkvæmdarvald fyrir hönd þings og

þjóðar og er auk þess falið hið ópólitíska konungsvald. Þar að auki eru „handhafarnir“ fimm. Hver og einn af ráðherrunum getur hvenær sem er notað fimmtung hins æðsta ópólitíska valds til að stöðva málefni, sem færi að öðru leyti löglega afgreiðslu hjá þingi og ríkisstjórn.

III.

Það þarf ekki að eyða mörgum orðum að því, að núverandi millibilsástand um meðferð hins æðsta valds er með öllu óviðunandi. Hvenær sem er geta átök milli hinna mörgu ráðherra sem fara í bili með konungsvaldið, orðið til að gera stjórn landsins og þjóðina sjálfa að viðundri í augum allra, sem til þekkja. Auk þess getu sviftingar milli pólitísku flokkanna um meðferð konungsdómsins valdið stórhættulegum deilum í landinu. Má af þessu sjá, að brýn þjóðarnauðsyn er, að Alþingi í vetur tilnefni ríkisstjóra til að fara með hið æðsta vald innanlands, þar til skipulag þjóðveldisins er fullmyndað. Það vill svo vel til, að fyrir utan ýmsa aðra vel hæfa menn til að gegna því starfi, er hér nú staðdur í bænum mjög æfður og reyndur maður, sem er á einskönar biðlaunum hjá þjóðfélaginu. Það myndi vera auðvelt, án nokkurs aukakostnaðar að fela þessum manni ríkisstjórustarfið. Fer því betur á þessu, þar sem umræddur starfsmaður landsins er vanur mjög hlutlausri meðferð mála fyrir landsins hönd.

IV.

Ríkisstjóráskipulagið er ekki til frambúðar, þó að það sé nauðsynlegt að svo stöddu til að fara á formlegan hátt með hið æðsta vald. Hitt skiptir þó miklu meira að endurbyggja nú í ár framtíðarskipulagið, og hafa lokið þeirri byggingu áður en nýr Vínarfundur verður haldinn um skipulag þjóða og ríkja í álfunni. Fyrir rúmlega 120 árum bjargaði norska þjóðin frelsi sínu með því snarræði að halda þjóðfund og ráðstafa stjórnarvaldinu í landinu, áður en stórveldin fengu aðstöðu til þess að innlima Noreg í annað land, þvert á móti vilja norsku þjóðarinnar. Það var gefa Norðmanna, bæði 1814 og 1905 að þeir neituðu að liggja eins og illa gerður hlutur, þar til stærri þjóðir gátu tekið sér leyfi til að fara með þjóðina eins og fundinn vanskilagríp.

V.

Að því leyti sem ekki er enn vaknaður almennur áhugi fyrir sjálfstæðismálinu má kenna það glansleysinu á aðgerðunum 1918. Það var innandýrsmakk, og þjóðin ekki tekin með í leikinn. Pétur Ottosen hefir fengið samþykka tillögu í sínu kjördæmi um þjóðfund á Þingvöllum í sumar, þar sem lýðveldið væri stofnsett. Merkur Framsóknarmaður á Norðurlandi hefir bætt við tillögu um að þúsundum manna, hvaðanæfa af landinu, væri gefinn kostur á að koma til Þingvalla þann dag, þegar gamla sáttmála væri fleygt í Brennugjá og þjóðveldið endurreist. Á þann hátt væri hið nýja skipulag vigt hátíðlega á helgum stað.

VI.

Allir sem þekkja til verulegra muna sókn Íslendinga í sjálfstæðismálinu síðan um 1830, vænta þess, að Alþingi það, sem kemur saman í vetur lýsi yfir fullkomnum skilnaði Íslands og Danmerkur og undirbúi þjóðfund næsta sumar. Færi vel á að allir þingmenn fylgdust þar að máli, eins og 10. apríl síðastliðinn. En ef svo ólíklega tækist til, að ekki yrði horfið að þessu ráði, þá eiga borgarar landsins eftir sinn leik. Kosningar til Alþingis eiga fram að fara í vor. Ef það þing, sem kosið var 1937 telur það ekki verkefni sitt að endurreisa þjóðveldið, þá er hægur leikur fyrir kjósendur að gera það að skilyrði fyrir þingfylgi sínu við frambjóðendur nú í vor, að þeir fylgi óhikað fram, þegar á þessu ári, yfirlýstu frelsi landsins og þjóðveldismyndun.

VII.

Þær tvær stórþjóðir, Bretar og Bandaríkjamenn, sem drotna nú sameiginlega yfir heimshöfunum með flotaveldi, hafa fósturað lýðfrelsi og frjálsa

stjórnarhætti í heiminum. Nú eyða þessar þjóðir auði sínum, og önnur þjóðin blóði barna sinna í ægilegum hildarleik til að vernda það hnoss, sem Íslendingum, stendur nú til boða að fá, og mega una við á ókomnum öldum, meðan frelsi þykir eftirsóknarvert í heiminum. Furðulegt myndi þeim þjóðum þykja sinnuleysi Íslendinga, sem hafa átt þá foreldra, sem jafnan hafa metið þjóðfrelsið mest af timanlegum gæðum, ef sú kynslóð, sem nú lifir, hefði ekki lengur meiri metnað og framsýni heldur en með þarf, við baráttuna um augnablikshagsmunum liðandi stundar.

VIII.

Þegar gamla íslenska fólkið í Vesturheimi frétti 10. apríl síðastliðinn, að Danmörk og konungur Dana væri komið undir hervald Þjóðverja síó á margt af þessu fólki miklum ótta um gamla landið, sem það hafði yfirgefið í æsku, en gert að draumalandi sínu. Þegar þetta fólk fór vestur um haf var Ísland óaðskiljanlegur hluti Danaveldis. Landið og þjóðin var þá á margan hátt gerð samlega á valdi Dana. Nú óttuðust þessir Íslendingar, að hin gömlu stjórnarfarabönd, vald konungs og sameiginleg mál, myndu draga Íslendinga í nýja ánaud, hjá stærri og sterkari drottinþjóð, heldur en fyr hafði ráðið landinu. Yngri kynslóðinni tókst að fríða feður og mæður, afa og ömmur, sem höfðu nauðug fært byggð sína í fjarlæg lönd þrátt fyrir óslökkvandi heimþrá, um að hér væri ekki hætta á ferðum. Böndin við Danmörku myndu ekki draga Ísland í nýja þrælkun.

Mér þykir vænt um þennan ugg gamla, íslenska fólksins í Vesturheimi. Í þessum ósjálfráða kviða er bergmál frá þjáningum kynslóðanna, sem hafa á þúsund vegu orðið að afplána syndagjöldin, frá því að þjóðveldið var framselt útlendum húsbændum fyrir nálega sjö öldum.

IX.

Íslenska þjóðin er nú á hættulegu gelgjuskeiði. Heimilin bæði í sveitum og bæjum vantar eðskilegan styrk. Unglingar á fermingaráldri una ekki í heimilunum og leika sér við háskalega elda. Kirkjan hefir ekki djúptækt, lýftandi vald yfir hugum manna. Sterk einhliða efnishyggja ræður daglegum athöfnum margra manna. Oft er svo að sjá, á yfirstandandi gelgjuöld, að kröfur um augnabliksnautnir og augnablikshagnað skipi of háan sess í hugum margra manna.

Hér þarf að koma andleg vakning. Þjóðin þarf að sameinast um eitt stórt mál, eina stóra lausn, og láta þann sigur vera glæsilegan í huga fólksins og endurminningu barna þeirra. Tækisferið biður. Sú stjórn, sem Ísland hefir lotið, móti vilja sínum, getur ekki starfað fyrir óviðráðanlegum orsökum. Þjóðfélag Íslendinga er nú á reki. Hönd stjórnandans vantar við stýrið. Sjálfbjargarhvötin mun gefa þjóðinni orku til að taka sjálf í sínar hendur stjórn á því fleyi, sem hafa ráðið fyrir síðan á 13. öld.

Ef Íslendingum tekst að leysa með kjarki og þrótt eitt andlegt mál, vinna sameiginlega manndómsverk, sem markar varanlegt spor í þjóðlifinu, þá munu fleiri sigrar eftir fylgja.

10. janúar 1941.

JÓNAS JÓNSSON.

Atburðirnir 10. apríl og 10 maí 1940.

Atburðirnir í stórveldastyrjöldinni úti í löndum hafa haft stórvægileg áhrif á frelsismál þjóðarinnar. Niunda apríl s. l. réðust Þjóðverjar inn í Danmörku og hertóku landið. Daginn eftir lýsti Alþingi yfir einum rómi, að það tæki að svo stöddu í hendur íslenzku þjóðarinnar það vald yfir málefnum landsins, sem konungurinn í Danmörku og stjórn Dana hafa haft samkvæmt erfðavenjum og samningum. Alþingi fól þjóðstjórninni allri að vera um stund handhafi konungsvaldsins, en valdi sérstaka menn til að vera erindreka hins sjálfstæða Íslands í nokkrum þeim ríkjum, þar sem þjóðin hafði mest viðskipti og hægt var að hafa samband við sökum stýrjaldarinnar. Ellefti apríl síðastliðinn var fyrsti dagur síðan Gamli sáttmáli var gerður á 13. öld, þegar íslenzka þjóðin naut fullkomins frelsis frá yfirráðum erlendra þjóða. Styrjöldin 1914—18 hafði borið nokkurt frelsi í fang Íslendingum. Styrjöldin sem hófst 1939 byrjaði með að gefa þjóðinni nokkuð af því frelsi, sem beztu menn þjóðarinnar höfðu þráð svo lengi. Fyrir hundrað árum hafði Jónas Hallgrímsson sagt fyrir um þá tíð í skáldlegri framsýn:

„Fagur er dalur og fyllist skógi og frjálsir menn, þegar aldir renna.“

Einum mánuði eftir þennan frelsisdag, kom hingað brezk

flotadeild og setti allmikið herlið hér í land. Bretar viðurkenndu sérstöðu landsins, sendu hingað sendiherra og tóku á móti sendifulltrúa frá Íslandi í London.

Sendiherrann gekk á fund ríkisstjórnarinnar og tilkynnti henni að Bretar myndu taka sér leyfi til að hafa hér her meðan yfirstandandi styrjöld stæði, en draga lið sitt allt héðan, þegar ófriðnum væri lokið. Sendiherrann kvað Breta ekki myndu gera neina tilraun til að hafa áhrif á stjórnarskipun eða þjóðmálalíf Íslendinga. En þeir myndu taka sér vald yfir stöðum á sjó og landi, sem hefðu hernaðarlega þýðingu. Íslenzka ríkisstjórnin mótmælti þessari ráðabreytni Breta og lagði hins vegar áherzlu á það fyrirheit Bretastjórnar, að blanda sér ekki í íslenzk þjóðmál og hverfa héðan burt með hervald sitt eins og fram var tekið af sendimanni Englendinga.

Mismunandi hertaka.

Eins og vonlegt var, þótti mörgum Íslendingum hið nýja þjóðfrelsi hafa verið ærið skammvinnt. Var ekki laust við nokkurn óhug um framtíð landsins. Erlendur her hafði aldrei fyrr dvalið í landinu. Mönnunum þótti að vonum erfitt að átta sig á hvert straumur atvikanna bar minnstu þjóð heimsins, sem vildi vera fullkomlega frjáls um öll sín mál.

Íslendingar gerðu sér nokkurn skaða með því að athuga ekki

nægilega vel að hertaka smáþjóðar getur verið með mjög mismunandi hætti. Þjóð, sem er í landvinningahug, tekur raunverulega allt vald í sínar hendur, bæði yfir gæðum landsins, auði þjóðarinnar og málefnum hennar. Land, sem er hertekið á þennan hátt, er líkt sett og maður með opið svöðusár, þar sem blóðið streymir út og tekur með sér líf og orku. Hersetning Breta á Íslandi var ekki með þessum hætti. Þjóðin hefir til sinna afnota gæði landsins og sín litlu efni. Ríkisstjórnin, dómstólar, þingið, bæjarstjórnir, kirkjur, blóðin, bankar og allt starfslið hins íslenzka þjóðfélags vinnur verk sitt eins og engin breyting hafi orðið. Bretar hafa herlið og hervarnir á þeim stöðum, sem íslenzka ríkið myndi hafa notað í sama skyni, ef það hefði haft herlið og búizt til varnar gegn erlendum þjóðum. Bretar bera allan kostnað af veru dvalarhersins hér á landi. Ég hefir reynt að lýsa þessu ástandi þannig, að hér væri tvíþýli meðan stríðið stendur. Hver þjóðin fer sínu fram á því sviði, sem markað væri af núverandi kringumstæðum.

Framkoma dvalarliðsins.

Áður fyrr hafa sjóliðar frá nokkrum af grannþjóðum Íslendinga stundum dvalið hér í Reykjavík nokkra daga í senn, og sjaldan nema ein skipshöfn í einu. Til hefir borið að þessir fáu útlendu hermenn hafa sært þjóðerniskennd Íslendinga með því að ganga um bæinn og umhverfið eins og þeir ættu allt, sem hér er til. Dvalarlið Breta

hefir ekki vakið þessa tilfinningu. Því hefir tekizt á merki- legan hátt að koma fram sem hljóðlátir og yfirlætislausir ná- búar og á það jafnt við foringja og liðsmenn. Þar sem misbrestir hafa orðið á sambúðinni, svo sem í sambandi við óhefta sölu „svartadauða“ og fleira af því tagi, hefir meira gætt reynsluleysis frá okkar hálfu heldur en Bretanna. Ástæðan til hinnar prúðu og gætilegu framkomu dvalarliðsins er ekki aðeins bein ar fyrirskipanir Bretastjórnar og yfirmanna hersins, heldur einnig sú ró og mildi, sem einkennir brezku þjóðina, jafnt snauða menn sem ríka. Þau einkenni eru sprottin af margra alda frelsi Englendinga, bæði persónufrelsi og stjórnfrelsi, sem aðrar menningarþjóðir hafa fengið frá þessari eyjabjóð. — Meðan íslenzka þjóðin gerði sér ekki grein fyrir þeim mismun, sem er á framkomu herliðs, sem á að hertaka þjóð, og leggja hönd á allt sem er verðmætt í landinu, og veru dvalarliðs, sem blandar sér ekki í stjórnarfar landsins og lifir á kostnað sinnar eigin þjóðar, var ekki laust við að menn gerðu sig seka um að draga nokkuð villandi ályktanir af atburðunum 10. maí. Þetta var sérstaklega áþreifanlegt um ýmsa menn, sem höfðu litla þekkingu á meginstraumum í sögu Norðurálfunnar á undanförunum öldum.

Í hverju var fólgið hið breytta viðhorf stórþjóðanna?

Í meir en þúsund ár hefir útlendur her ekki leitað hingað, sem hér er til. Dvalarlið Breta af því að landið hefir legið utan

við baráttusvið stórbjóðanna. Ísland. Stefna þau orð nokkuð þetta hefir breyzt okkur í óhag með tilkomu nútíma kafbáta og flugvéla. Barátta stórbjóðanna er nú ekki fyrst og fremst milli landa, heldur milli heimsálfa. Á meginlandi Evrópu eru nú tvö voldug herveldi, Rússland og Þýskaland. Enska heimsveldið og Bandaríkin eru líka mikil herveldi hvort um sig, og hafa fram að þessu verið aðskilin frá meginlandsveldum álfunnar með sundum og heimshöfum. Eftir að Þjóðverjar höfðu hersett Danmörku og Noreg 9. apríl síðastliðinn, virðast stjórnir Bretlands, Kanada og Bandaríkjaanna hafa farið að líta á það sem möguleika, að þýzkur her yrði sendur til Íslands frá Noregi. Bretar munu hafa talið vist, að Þjóðverjar myndu þá hafa hér kafbáta og flugstöðvar og veita Bretlandi á þann hátt þungar búsigfarir í þessu stríði. Leiðtogar Kanadamanna og Bandaríkjaanna munu hafa talið Ísland stórhættulegt frelsi Vesturálfu, ef það væri í eigu stórvelda á meginlandi Evrópu. Að vísu hefði tæplega reynt á það í þessari styrjöld. En í næstu styrjöld munu herfræðingar Vesturálfu hafa lítið á Ísland sem stiklu í Atlantshafi fyrir voldugan flugflota, sem settur kynni að verða til að heimækja Norður-Ameríku. Um mæli í þessa átt hafa þríasinnis komið fyrir í blöðum í Kanada nú í sumar. Roosevelt forseti mun auk þess hafa látið sér um munn fara, að varnarlinna Bandaríkjaanna lægi austan við

Ísland. Stefna þau orð nokkuð í þá átt, að hann álíti Monroe-kenninguna, vegna öryggis Vesturálfu, ná til Íslands.

Stiklan í Atlantshafi.

Ísland er um 800 mílur frá Noregi en ekki nema 130 mílur frá Grænlandi. Þessi aðstaða er undirstaða hins breytta viðhorfs. Ef mikið herveldi á meginlandi Evrópu hersetur Ísland og býr vel um sig hér, er stökkið ekki langt vestur á hinar miklu sléttur Norður-Ameríku. Ef ekki væri til kafbátar og flugvélar, myndi engin af stórbjóðum heimsins eyða svo miklu sem einnar krónu virði í hernaðaraðgerðir á Íslandi. Nú eyða Bretar hér allmiklu fé til að reyna að tryggja það, að ekki verði gengið að baki þeim frá herveldum meginlandsins í þessu stríði. Áhugi manna í Vesturálfu fyrir hernaðarþýðingu Íslands mun hins vegar meira bundinn við hugsanlegar styrjaldir í framtíðinni. Sennilega munu allir Íslendingar óska þess, að land okkar hefði fengið að vera gleymt eins og á undangengnum öldum, þegar stórveldi heimsins útkljá deilumál sín á vopnþingi. En hjól tækninnar hefir snúizt ótt. Ísland er, til ills eða góðs, orðið þýðingarmikill staður í hernaðarlegu tilíti, og er líklegt til að halda áfram að vera það, meðan stórbjóðir heimsins eiga loftflota.

Hvað er nú framundan?

Enn hefir stríðið ekki náð til okkar á harkalegan hátt. Ein

hernaðarflugvél hefir skotið á íslenzkt skip, skemmt það lítið eitt og sært nokkra menn, en ekki hættulega. En þetta stríð getur orðið langt. Það getur náð til okkar að einhverju leyti. Og í framtíðinni getur Ísland orðið vígvöllur stórvelda, sem takast á um heimsyfirráðin. Einangrun landsins er lokið. Héðan af verður íslenzka þjóðin að muna eftir því, að hún er komin inn í samspil þjóðanna og verður að kunna fótum sínum forráð. Þetta stríð og styrjaldir komandi ára geta fært Íslandi hörmungar og eyðileggingu, jafnvel kúgun miklu meiri en kúgun þá, sem forfeður okkar hafa átt að búa við á undangengnum öldum. En hið nýja viðhorf getur líka, í samstarfi við frjálsar þjóðir, tryggt okkur frelsi og glæsilega framtíð, þó að við verðum, eins og aðrar þjóðir, að borga frelsið með fórnunum.

Hversu meta aðrar þjóðir frelsið?

Um nokkra stund hefir íslenzka þjóðin verið þögn og nokkuð athafnalítill um frelismál sín. Sumir greindir menn halda því jafnvel fram, að þjóðina langi ekki til að vera frjáls. Menn benda á að útlendir valdamenn hafa reynt að koma sér hér upp íslenzkum liðsauka. Aðrir halda því fram, að Íslendingar vilji helzt fá að vera undir Dönnum eins og fyrr, og að þjóðin myndi varla vilja þiggja að vera fullfrjáls, þó að henni væri boðið það.

Aðrar þjóðir líta ekki svo á málið. Finnar og Grikkir hafa

nú nýverið vakið undur og aðdáun allrar veraldar fyrir dirfsku og þrótt að fórna öllu fyrir frelsið. Danir og Norðmenn þrá ekkert meira en að mega fá frelsið aftur. Jafnvel stærsta þjóð heimsins, Kinverjar, verður að verja frelsi sitt fyrir grimmlyndri árásarþjóð. Bæði Þjóðverjar og Bretar líta á þetta stríð eins og átök upp á líf og dauða um framtíð þjóðanna. Öllu, sem menn meta mest í daglegu lífi þjóðanna, er fórnað í yfirstandandi hildarleik, í von um að geta tryggt ófæddum kynslóðum í löndum sínum þjóðlegt frelsi og sjálfstæði.

Frelsisbarátta Íslendinga.

Nú eru liðin um 110 ár síðan Baldvin Einarsson og samherjar hans hófu frelsisbaráttu Íslendinga. Frá 1830 til 1918 var frelsisbaráttan mál mállanna. Hver sigur í sjálfstæðismálinu varð undirstaða nýrra framfara. Alls staðar þar sem mál Íslendinga voru í höndum erlendra valdhafa, var kyrrstaða og niðurlægning. Hvar sem Íslendingar fengu að ráða fram úr sínum málum færðist líf og fjör í þróunina. Frelsisbarátta og frelsiást þjóðarinnar skapaði hvarvetna aukinn manndóm og auknar framfarir.

Svefnþornið 1918.

Vegna yfirvofandi hættu í sambandi við endurheimt dönsku fylkjanna í Slesvik, bauð danska stjórnin árið 1918 að viðurkenna að Ísland væri ríki við hlið Danmerkur. En jafnframt því reyndu sendimenn Dana að halda í nógu mikið af valdi yfir

Íslandi til þess að bjarga yfir-þjóðaraðstöðunni. Ísland hét að visu sjálfstætt ríki. En allir danskir menn áttu sama rétt og landsins eigin börn til gæða landsins. Danir fóru með vald fyrir Ísland í utanríkismálum. Og konungur Dana hélt áfram að vera konungur Íslendinga. Danakonungar höfðu í þrjár aldir lögfest flattan þorsk sem þjóðareinkenni Íslendinga. En þegar því lauk, bauð Danakonungur lítillþægum Íslendingum að rauði liturinn úr Danafána skyldi þrengjast mitt inn í Hvítbláin Íslendinga. Öll þessi atriði urðu þess valdandi, að allur almenningur á Íslandi hálftrúði að þjóðin væri frjáls, en vissi þó til hálf að skuggi hins útlenda valds frá dögum Hákonar gamla hvíldi yfir landinu. Hin hálfá viðurkenning frá 1918 var skref áfram. En það var stigið með hálfvelgju og óskörulegri mála-miðlun. Það var ekkert rómantískt eða vekjandi við atburðina 1918, eins og verið hafði um þjóðfundinn 1851, eða valdatöku Hannesar Hafstein 1904. Dönum tókst 1918 að gefa Íslendingum steina fyrir brauð, láta þá halda að þeir væru fullfrjálsir, en halda þjóðinni undir sínum ægishjálm með sameiginlegum þegnrettindum, utanríkismálum, en allra mest með konungdæminu. Danir vissu, að þó að öll önnur bönd væru slitin milli landanna, þá myndi sameiginlegur konungur tryggja það, að Ísland yrði, meðal þjóða heimsins, álitin dönsk hjálenda, og Íslendingar halda áfram að finna til á þann hátt, að þeir væru ekki búnir að ná fullu frelsi.

Íslandsför Staunings.

Hin óskörulegu og órómantísku málalok 1918 voru mjög að skapi Stór-Dana, en mjög svæfandi fyrir Íslendinga. Danir létu í veðri vaka, að þeim væri sama hvort Íslendingar væru kyrrir í sambandi við þá, eða sigldu sinn sjó. Þetta leiddi til aukins andvaraleysis hér á landi. Fyrir-spurn Sigurðar Eggerz 1928 var að visu svarað svo af framsögumönnum allra þingflokkanna, að þeir vildu vinna að því að þjóðin tæki utanríkismálin í sínar hendur. Eftir það var tekin önnur hvíld þar til 1937. Þá voru aftur fest nokkur heit í sjálfstæðismálinu, og utanríkisnefnd falið að starfa með ríkisstjórninni að endanlegri lausn málsins. Formaður Sjálfstæðisflokksins lýsti því yfir fyrir hönd þess flokks, að Sjálfstæðismenn vildu ekki endurnýja sambandssamninginn við Danmörku á árunum 1941—43.

Svipuð ummæli féllu frá mönnum í öðrum flokkum. En stjórn Dana tók ekki meira mark á yfirlýsingum Íslendinga en það, að hún sendi sjálfan forsætisráðherra Dana, Thorvald Stauning, hingað til lands, skömmu áður en heimsstyrjöldin braust út, til að treysta böndin, sem lögð voru með Gamla sáttmála. Stauning er, svo sem kunnugt er, reyndasti og frægasti stjórnmalamaður Dana. Hann hafði auk þess verið lipur og laginn um úrlausn margra minniháttar mála í skiptum sambandsþjóðanna. Auk þess átti hann á Íslandi ýmsa persónulega góðkunninga. Stauning dvaldi hér um stund

og hlustaði þjóðarhjartað. Hann sögulega og óhjákvæmilega virðist hafa farið héðan í þeirri öruggu trú, að íslenska þjóðin hefði sofnað væran blund á þörf fyrir fullkomið sjálfstæði eins og Danir, eða þaðan af stærri þjóðir. Forfeður okkar höfðu haft lýðveldi í nokkrar aldir. Þá hefði orka þjóðarinnar notið sín bezt. Síðan hefðum við lotið stjórn norskra og danskra manna í margar aldir. Með útlendum yfirráðum hefði hnignunin byrjað. Því meira sem erlendir valdhafar hefðu skipt sér af málum Íslands, því verr hefði þjóðinni farnast. Og því meir sem Íslendingar hefðu fengið vald yfir málum sínum í hendur íslenskra manna síðan 1845, því betur hefði hagur þjóðarinnar blómgastr.

Staðning var svo innilega sannfærður um að þjóðin hefði sofnað á verðinum, að hann gerði opinberlega gys að Íslendingum í viðtali við fréttamenn, þegar hann var að koma heim. Taldi hann Íslendinga alls ólíklega til að hreyfa verulega við sjálfstæðismálinu. — Eiginlega væri ekki nema einn maður í landinu, sem vildi „fullt frelsi“ til handa þjóðinni. Stauning gaf í skyn, svo sem vonlegt var, að litlu skipti þó að einn maður óskaði eftir fullkomnu frelsi, þar sem aðrir gerðu sig ánægða með minna.

Samtal okkar Staunings.

Úr því að aðstaða mín var gerð að umtalsefni á svo áberandi hátt við þetta tækifæri, þykir mér rétt að skýra frá því samtali, sem varð orsök til hinnar kynlegu yfirlýsingar hans við heimkomuna. Meðan Stauning var hér, höfðum við verið saman nokkrum sinnum, þar sem við höfðum báðir verið gestir. Við höfðum sézt af og til á undanförunum árum, en sjaldan talað saman. Þó að Stauning sé kurtteis maður og þrúður í umgengni, er hann í aðra röndina fálátur og seintekinn. Skömmu áður en hann fór, bauð hann mér að drekka með sér te í húsi sendiherra Dana. Við ræddum þar saman hér um bil eina klukkustund. Hann spurði mig um álit mitt á samstarfi Íslendinga og Dana. Ég sagðist álita skilnað

Ég benti Stauning á, að við Íslendingar, sem þekktum nokkuð til í Danmörku og til sögu Norðurlanda, tækjum eftir því, að Danir væru yfirburða-þjóð, við að gera sitt eigið land sem allra veglegast, en jafnskjótt og kæmi út yfir landamærin, hyrfi Dönum góðir hæfileikar til að stjórna. Væri sama hvort litið væri á stjórn Dana í Hertogadæmunum, í Sviþjóð á Kalmaröldinni, Noreg, meðan hann var hjálenda Danmerkur, Ísland eða Færeyjar, þá væri sagan hin sama. Danir væru fyrirmyndarmenn í sínu eigin landi, en mjög lítið fallnir til að hafa undirtökin í öðrum löndum.

Staðning spurði mig þá um skoðun mína á konungssambandinu. Ég benti honum á, að ef byggt væri á því, að Gamli sáttmáli væri undirstaðan að valdi konungs yfir Íslandi, þá

myndu fyrirrennarar hans ar eða stefnu, heldur aðeins hafa brotið öll skilyrði þess sem íslenzkur borgari. En mig sáttmála. Konungur Dana væru hafði frá upphafi grunað í í augum Íslendinga tákni hvaða skyni fór hans var farin danskrar valdaaðstöðu á Íslandi. Þeir væru algerlega spurður, láta gestinn fá að framandi hér á landi, hefðu vita hug minn allan. Mér þótti annað þjóðerni, aðra tungu, og hefðu þáð því betur viðgætt, þar væru mjög ókunnugir á Íslandi. Ég viðurkenndi þó, að Kristján X. hefði haldið vel stjórnarskipun landsins og verið fullkomlega skyldurækinn um íslenzk embættisstörf. En hann væri vitanlega ekkert nema útlendingur gagnvart Íslandi. Ekkert sannaði það betur heldur en sú undarlega staðreynd, að hann hefði sett Alþingi hinnar vopnlausu íslenzku þjóðar á Þingvöllum 1930 í dönskum aðmíralsbúningi. Ég hélt því fram, að eins og konungdæmið væri vafið inn í danska sögu frá upphafi vega, og virtist vera Dönnum bæði hugstætt og haldkvæmt, þá væri konungsvald á Íslandi frá landnámsöld nálega eingöngu tengt við atburði, sem Íslendingum væri hvorki kærir eða til metnaðarauka.

Meðan stóð á samtalinu, kom Stauning með sínar skýringar og athugasemdir með mikilli kurteisi. Hann sýndi þá engin gremjumerkni. En af hinu ógætilega og raunar mjög óhyggilega samtali um viðhorf Íslendinga, er hann kom heim, virðist einsætt, að honum hafa líkað stórir skoðanir mínar. Enginn vafi er á, að hann hefði komið til að deyfa eggjar í sjálfstæðiskröfum Íslendinga. Ég dró ekki dul á, að ég talaði ekki í umboði neinnar stofnun-

ar eða stefnu, heldur aðeins hafa brotið öll skilyrði þess sem íslenzkur borgari. En mig sáttmála. Konungur Dana væru hafði frá upphafi grunað í í augum Íslendinga tákni hvaða skyni fór hans var farin danskrar valdaaðstöðu á Íslandi. Þeir væru algerlega spurður, láta gestinn fá að framandi hér á landi, hefðu vita hug minn allan. Mér þótti annað þjóðerni, aðra tungu, og hefðu þáð því betur viðgætt, þar væru mjög ókunnugir á Íslandi. Ég viðurkenndi þó, að Kristján X. hefði haldið vel stjórnarskipun landsins og verið fullkomlega skyldurækinn um íslenzk embættisstörf. En hann væri vitanlega ekkert nema útlendingur gagnvart Íslandi. Ekkert sannaði það betur heldur en sú undarlega staðreynd, að hann hefði sett Alþingi hinnar vopnlausu íslenzku þjóðar á Þingvöllum 1930 í dönskum aðmíralsbúningi. Ég hélt því fram, að eins og konungdæmið væri vafið inn í danska sögu frá upphafi vega, og virtist vera Dönnum bæði hugstætt og haldkvæmt, þá væri konungsvald á Íslandi frá landnámsöld nálega eingöngu tengt við atburði, sem Íslendingum væri hvorki kærir eða til metnaðarauka.

Síðustu virki Dana á Íslandi.

Þrátt fyrir öll vinmæli í veizlum og skálaræðum, er enginn vafi á, að Danir vilja til lengstra laga halda yfirþjóðar-aðstöðu á Íslandi. Ef sáttmálanum frá 1918 var sagt upp, um öll málefni, var konungssambandið eftir og byggt á Gamla sáttmála og erfðahyllingum. Dönskum stjórnámálönnum var vel ljóst, að konungsdæmi dansks konungs yfir Íslandi, var ákaflega sterk sönnun í augum annarra þjóða yfirleitt, um það, að Íslendingar hefðu ekki náð „fullu frelsi“. Jafnvel eftir að Danmörk var lögð undir hið þunga ok þýzkrar hertöku, komust sumir af frjálslyndustu þjóðmálamönnum Dana í illt skap út af því, að Ísland hafði sendimann í Stockhólmi. Fátt sýnir betur, hve rik yfirþjóðartilfinningin er í hugum jafnvel þeirra Dana, sem vel þekkja til á Íslandi, heldur en þessi þrjúkufulla sérdrægni, einmitt þegar Danir höfðu um stundarsakir á ómaklegan hátt misst frelsi sitt.

Misskilningur Staunings.

Íslandsför Staunings var farin á óheppilegum tíma. Þung ský grúfðu yfir álfunni. Smáþjóðirnar, og þar á meðal Danir, höfðu ástæðu til að óttast um frelsi sitt. Slík skilyrði hefðu átt að knýja forráðamenn hvernar smáþjóðar til aukinnar varfærni um ágang eða yfirdrottunarhneigð gagnvart öðrum þjóðum. En menn og þjóðir læra seint af reynslunni. Eins og Kristján X. taldi sér metnað í því að sýna einkenni danska flotans á Alþingi 1930, þó að hann mætti vel vita, að danski flotinn gat ekki verið Danmörku einn sólarhring, þannig sleppa margir áhrifamenn í Danmörku ekki óskinni um danska valdaaðstöðu á Íslandi fyr en rofin eru öll hin pólitísku og stjórnarfarslegu bönd, sem tengt hafa þessar þjóðir saman langa stund.

Stauning hafði of lítið kynzt skoðunum íslenzkra borgara á sjálfstæðismálinu. En ekki leið á löngu áður en hann fékk fulla vitneskju um, að honum hefði skjátlazt, er hann hugði þjóðina afhuga því að krefjast fullkomins frelsis. Ungir Framsóknarmenn samþykktu á aðalfundi sínum á Akureyri, að beita sér fyrir fullkomnu sjálfstæði Íslands. Á fjölmönnum fundi stúdenta í Reykjavík, þar sem Guðbrandur Jónsson reyndi að fá fundarmenn til að lýsa því yfir, að þeir vildu leggja frelsismálin á hilluna, fékk hann alla fundarmenn á móti sér. Nú nýverið hafa ungir Sjálfstæðismenn og ungir Framsóknarmenn endurnýjað

heit sín um fullkominn skilnað sambandslandanna. Um sama leyti samþykkti flokksfundur Sjálfstæðismanna á Akranesi áskorun um að halda í sumar þjóðfund á Þingvöllum og ráðstafa þar hinu æðsta stjórnarvaldi. Skömmu fyrir jól samþykkti almennur bændafundur á Eiðum í Suður-Múlasýslu áskorun til þings og þjóðar um að halda fast saman um að afla þjóðinni fullkomins sjálfstæðis og hefja það mál yfir allar flokkadeilur. Alþýðuflokkurinn samþykkti ennfremur á flokksþingi sínu að beitast fyrir því að Ísland yrði lýðveldi. Annar ritstj. Mbl. tekur í sama streng. Loks má geta þess, að þegar Jakob Möller og Sigurður Eggert gengu með liðsafla sínum til samstarfs við íhaldsflokkinn gerðist tvennt í einu. Annars vegar tók hin nýja samsteypa sér nafnið Sjálfstæðisflokkur, og setti aðskilnað Íslands og Danmerkur efst á stefnuskrá sína. Nafnið Sjálfstæðisflokkur væri fullkomlega óviðeigandi, ef það væri ekki tilgangur flokksmanna að ganga hart fram um að endurheimta allt það sjálfstæði, sem glataðist 1262 með Gamla sáttmála.

Það verður ekki séð af framangreindum dæmum annað en að allur almenningur í landinu muni vera mjög einhuga um að gera frelsistöku að máli málanna.

Samhygð Íslendinga með Finnum.

Ef Stauning hefði haft á réttu að standa um að íslenzka þjóðin væri yfirleitt orðin afhuga því að vilja vera fullkomlega frjáls,

myndi enginn Íslendingur hafa gefið eyrisvirði til Finna fyrir ári síðan. En þar fór á annan veg. Stórkostlegri og glæsilegri samskot hafa aldrei verið gerð á Íslandi. Gjafirnar voru bæði rausnarlegar og ákaflega almennar. Einstaka konur gáfu hringi sína, eins og títt er í vel menntum löndum, þar sem þjóð berst fyrir frelsi sínu. Íslendingar þekkja Finnland lítið af viðskiptum eða kynningu. Ástæðan til hinnar almennu fórnarlundar þjóðarinnar gat ekki verið önnur en sú, að hér var lítil, frjáls þjóð í ógurlegri baráttu fyrir frelsu sínu og menningu. Ef Íslendingar kynnu ekki að meta frelsið, myndu þeir engu hafa fórn að fyrir frelsi Finnlands. Í mínum augum er framkoma Íslendinga í Finnlandsmálinu langsamlega sterkasta líkindasönnunin fyrir því að íslenska þjóðin mun bæði verða fullfrjáls og kunna að gæta frelsisins.

Hvað hefir skeð í frelsismálinu?

Þegar danska þjóðin missti frelsi sitt við innrás Þjóðverja 9. apríl fell niður aðstaða Kristjánsh X. til að geta gegnt stjórnarstörfum á Íslandi, og möguleiki dönsku stjórnarinnar til að fara með utanríkismálin. Þjóðverjar hafa í raun og veru tekið í sínar hendur alla stjórn danskra málefna. Aðskilnaður Danmerkur og Íslands er svo fullkominn að sendiherra Dana í Reykjavík, sem stendur undir valdi forsætisráðherrans, fær ekki fyrirmæli um starf sitt eða framlög fremur en hann hefði yfirmenn á plánetunni Júpiter.

Þjóðverjar virðast hafa tekið utanríkismál Danmerkur gersamlega í sínar hendur. Kristján konungur sýnir mikinn röskleik og myndarskap í framkomu sinni, og danska þjóðin gerir hann að sameiningartákni í frelsisviðleitni sinni. En þó að konungur væri allur af vilja gerður, getur hann engar stjórnarathafnir framkvæmt á Íslandi. Þegar Þjóðverjar hertóku Danmörku og engilsaxnesku þjóðirnar lýstu yfir að Ísland væri meðan stríð stæði yfir, áhrifasvæði þeirra, var skilnaður Íslands og Danmerkur fullgerður í verki.

Tveir vegir framundan.

Íslenska þjóðin er nú líkt sett eins og maður, sem gripinn hefir verið af sterkum nábuá og læstur inni, þar til dyrnar opnast skyndilega fyrir hræringar mikilla jarðskjálfta. Fangelsið opnast sem af sjálfu sér. Maðurinn getur gengið út, ef hann hefir til þess dug og þrótt. Hann getur líka beðið inni eftir komu gamla húsbóndans, til að vita hvort hann megi fara út undir bert loft.

Jarðskjálfti hins mikla heimsstríðs hefir fellt af íslensku þjóðinni hin gömlu bönd. Nú getur þjóðin valið um hvort hún skilur rúnir þær, sem rás heimsviðburðanna ritar á vegginn, eða hvort hún vill láta vera að sjá úrslitaskýringar viðburðanna.

Íslenska þjóðin getur annað hvort tekið að byggja upp sitt eigið hús, og fulllokið hinni ytri smíði á ári því, er nú fer í hönd. Eða hún getur sagt: Ég vil ekki ganga út um opnar dyr. Ég

vil biða enn um nokkur ár og sjá hvað setur. Ég vil liggja norður við heimskautsbaug, eins og illa gerður og óráðstafaður hlutur, þegar stórbjóðirnar setjast að nýju við að koma skipulagi á heiminn, eftir að þessu stríði lýkur.

Hver er dómur íslenzkrar sögu síðan 1845?

Alla þá stund sem Íslendingar hafa barizt fyrir pólitísku sjálfstæði, hafa verið hér tvær stefnur um viðhorfið til Dana. Annars vegar menn, sem hafa stefnt að því að gera landið sem frjálsast og að lokum óháð Danmörku. Hins vegar menn, sem vildu fara hægt í frelsismálunum, og litu jafnan fyrst á hvað dönsk stjórnarvöld sögðu um málið, áður en þeir greiddu atkvæði. Á tímum Jóns Sigurðssonar voru í hægfara flokknum dönsku kaupmennirnir og sumir íslensku faktorarnir. Þá kom meiri hluti betur launuðu embættismanna, sem áttu þá líf og lán undir stjórn Dana. Síðan bættist við ýmiskonar fólk sem leit á Danmörku eins og sjálfsgat yfirríki Íslands. Í þjóðlega flokknum var meginþorri hinna kjarkmestu bænda, allmargir sveitaprestar, menntaskólakennarar, eins og Halldór Kr. Friðriksson og ýmsir aðrir embættismenn, sem ekki létu bugast af aðhaldi dönsku stjórnarinnar. Eftir aldamótin, þegar fánamálið var komið á döfina, sagði mikilsháttar embættismaður í sveit hinna hægfara, að hann vildi alls ekki eiga heima á Íslandi, ef Danafáninn hætti að vera löggiltur hér á landi.

En alla stund frá 1845 hafa þeir menn, sem vildu gera Ísland frjálst, haft forustuna í málinu. Þeir hafa oft verið faliðaðir á málþingum, en þegar hefir komið að kjörborðinu, hefir hjarta Íslendingsins slegið fyrir frelsi landsins, eins og skýrt kom fram í Finnlandsmálinu. Allra gleggsta dæmið um hina ósviknu tilfinningu hins íslenska borgara, er kosningin 1908. Hannes Hafstein hafði mikið lið og fritt, og að baki sér athafnasamt stjórnartímabil. Samt féllu frambjóðendur hans eins og hráviði á kjördegi. Að honum varð ekki annað fundið en það, að hann var ekki í það sinn nógu harðsnúinn með íslenska málstaðnum. Allt bendir til að þjóðin liti enn á málið eins og fyrr. Hún ætlast til af þingmönnum, ráðherrum og öðrum trúnaðarmönnum sínum, að þeir haldi hiklaust uppi íslenska málstaðnum og ljúki nú, á hinu nýbyrjaða ári, baráttunni um fullt frelsi Íslands, eins og sú sókn var hafin af ungum ættjarðarvinum í Kaupmannahöfn fyrir meira en heilli öld.

Hægfara leiðin.

Þeir menn, sem telja nú óráðlegt að leggja undir eins smíðshöggvið í sjálfstæðismálinu, segja að ekki liggi á. Alþingi geti byggt á sáttmálanum frá 1918. Það eigi að biðja um endurskoðun á sáttmálanum. Ef Danir geti ekki náð saman við íslenska nefndarmenn, eigi að biða, allt að því í þrjú ár. Ef ekki takist að ná saman við Dani á næstu þrem árum, verði að taka til athugunar hvað þá eigi að gera. Hæg-

fara mennirnir munu vilja láta ríkisstjórnina fara með konungsvaldið eins og nú, og sendi fulltrúa landsins starfa sem bráðabirgðamenn, meðan ekki sést, hversu Dönnum farnast að stríðinu loknu.

Hraðfara leiðin.

Þeir, sem mæla með hinn svonefndu hraðfara leið, segja: Samningurinn frá 1918 milli Íslands og Danmerkur, er fallinn úr gildi, vegna vanefnda frá hálfu Dana. Sama er að segja um rétt konungs til ríkis á Íslandi. Danska utanríkisstjórnin er fallin í hendur framandi þjóð og getur alls ekki sinnt hinum samningsbundnu störfum. Sama gildir um konung. Það á þess vegna ekki við, segja þessir menn, að biðja um endurskoðun á samningi, sem er fallinn úr gildi, vegna vanefnda frá hálfu annars aðila. Frá sjónarmiði þessara manna liggur óhjákvæmilega fyrir þingi og þjóð, að ganga frá varanlegu skipulagi um æðstu stjórn íslenskra mála á ári því, sem ná fer í hönd.

Bendingar um meðferð á úrlausn skipulags um æðstu stjórn Íslands.

Fyrsta atriðið er það, að Alþingið það, sem kemur saman snemma á ári 1941, lýsi yfir að öll yfirráð danskra stjórnarvalda á Íslandi séu fallin úr gildi vegna þess ástands, sem myndast hefir við hertöku Danmerkur.

Í öðru lagi þarf Alþingi að ganga frá lögum um að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla, samhliða alþingiskosningunum

í vor um fyrrnefnda ákvörðun Alþingis.

Í þriðja lagi ætti Alþingi að samþykkja á þingi í vetur að þeir danskir menn, sem dvelja nú á Íslandi, fái borgararétt hér á landi um leið og Ísland og Danmörk skilja.

Í fjórða lagi ætti Alþingi í vetur að kjósa til bráðabirgða ríkisstjóra, til að fara um stundarsakir með vald það, sem konungur hefir áður haft, vegna Íslendinga.

Í fimmta lagi þarf Alþingi í vetur að samþykkja lög um kosningar til þjóðfundar, sem haldinn yrði á Þingvöllum í sumar, til að ganga endanlega frá skipulagi hinnar æðstu stjórnar á Íslandi.

Í sjötta lagi kæmi þjóðfundur saman á Þingvelli sumarið 1941 til að ganga skipulega frá stofnun hins íslenska lýðveldis og kjósa forseta í fyrsta sinn.

Í sjöunda lagi þyrfti þjóðfundur að ganga frá ályktun um að þar til tækifæri gæfist til að breyta stjórnarskrá landsins, að loknu yfirstandandi stríði, skyldu öll ákvæði sem lúta að valdi konungs og samstarfi hans við íslensk stjórnarvöld færast yfir á forseta þjóðveldisins, þannig að forsetinn tæki við því valdi, sem stjórnarskráin hefir veitt konungi landsins.

Hvers vegna þessi leið.

Þegar óviðráðanleg atvik, sem leiða af styrjöld eins og þeirri, sem nú geisar, gera það að lífsnauðsyn fyrir þjóð, að skapa sér algerlega nýtt stjórnarform, þá eru vitaskuld ekki til um það ákveðnar ríkisréttarreglur, held-

ur verður þá að fylgja bending- um heilbrigðrar skynsemi. Þegar Alþingi ráðstafaði konungsveldinu og stjórn utanríkismála 10. apríl s. l., þá voru ekki til um það lög eða fyrirmæli, heldur voru þær framkvæmdir gerðar af skynsamlegu viti og með heilbrigðri dómgreind ríkisstjórnar, þingmanna og þeirra kunnáttumanna, sem leitað var til um úrlausnir. Ákvörðunin um að stjórn íslenskra mála í Kaupmanna höfn sé lokið, getur á sama hátt verið rökstudd með eðlilegri nauðsyn. Á hinn bóginn er eðlilegt, að svo mikilsverð ákvörðun eins og endanlegur skilnaður við Dani, sé borin sérstaklega undir alla kjósendur landsins, til játunar eða neitunar. Má auðveldlega framkvæma það málskot í sambandi við hinar almennu kosningar.

Það leiðir af eðli málsins, að þegar hinn sameiginlegi borgararéttur Dana og Íslendinga fellur niður, verði öllum Dönnum á Íslandi gefin full borgararéttindi hér á landi, og ætlast til að Danir sýni Íslendingum í Danmörku samskonar umhyggju.

Þjóðstjórnin fer nú öll í sameiningu með konungsvaldið. — Hefir það að vísu orðið stórslysalítið enn sem komið er. En til lengdar er það skipulag óframkvæmanlegt og má teljast fullkomið vansmiði, að sameina vald konungs við ráðherrastörfin. Ef ósamlyndi kæmi upp innan stjórnarinnar, eða í vafningum við stjórnarskipti, er núverandi skipulag ekki nothæft. Hér er þess vegna bent á þá leið, að Alþingi í vetur kjósi einn mann til að fara með það vald, sem

rikkisstjórnin fer nú með sem handhafi konungsvaldsins, og yrði sá maður nefndur ríkisstjóri. Umboð hans félli niður um leið og forseti væri kosinn. Ef þjóðin væri staðráðin í því að ganga hreint til verks og lýsa yfir nú í sumar að Ísland væri aftur orðið þjóðveldi, væri mikils virði að sú athöfn væri ekki aðeins formleg, heldur líka háttíðleg. Yrði ekki betur séð fyrir máli þjóðarinnar í því efni en með því að hið nýja skipulag væri myndað af þar til kjörnum fulltrúum á hinum forna helgi- stað og alþingisstað Íslendinga.

Þjóðfundur á Þingvöllum.

Sumir menn telja að Alþingi í vetur geti ráðið til fulls fram úr stjórnskipunarmáli landsins. Hitt væri þó meira í samræmi við alþjóðavenjur, að gera ráð fyrir, að þegar konungur getur ekki framkvæmt stjórnarvald sitt, falli vald hans óumtalað til borgaranna í landinu. Þeir kjósa þá á skipulegan hátt fulltrúa á þjóðfund, sem kemur saman í því skyni einu, að ráðstafa til langframa því valdi, sem kjósendur hafa fengið, en þurfa að ráðstafa aftur á skipulegan hátt. Alþingi er kosið til að sinna fjölmörgum óákveðnum störfum um fjöggra ára skeið. En meðal þeirra verka er ekki það að ráðstafa um ókomnar aldir hinu æðsta stjórnarvaldi. Þess vegna þykir eðlilegt, að borgarar landsins kjósi sérstaka fulltrúa á samkomu, sem hefir það verkefni eitt, að ráðstafa hinu æðsta valdi. Jón Sigurðsson ætlaðist til að þjóðfundurinn sæli 1851 gerði til að fara með það vald, sem stjórnskipunarlög til handa

þjóðinni. En eins og þá stóð á, en að stríðinu loknu. þurfti ekki að ráðstafa valdi Sú leið, sem hér er bent á, er konungs. Árið 1814 héldu Norð- að sumu leyti bein afleiðing menn sinn fræga þjóðfund á hinnar löngu frelsisbaráttu, og Eiðsvelli. Hann samdi stjórnar- þeirra aðgerða, sem Alþingi lög handa þjóðinni og kaus að framkvæmdi 10. apríl s. l. Jafn- lokum konung, en hann undir- framt er vísað til fordæmis ritaði stjórnarskrána undir eins hinnar skyldustu frændþjóðar, og þjóðfundurinn hafði fengið Norðmanna, sem endurbyggði honum í hendur æðsta valdið í sjálfstjórn sína með Eiðsvalla- landinu. fundinum 1814.

Þjóðfundur er yfir Alþingi.

Þegar þjóðfundur er kosinn af borgurum landsins í brýnni og eðlilegri þjóðarnauðsyn, er hann meðan hann starfar, æðsta stofnun landsins, með því að hann leggur grundvöllinn að allri þjóðfélagsbyggingunni. — Þess vegna gæti þjóðfundur, ef honum þóknaðist, ákveðið, að til bráðabirgða skyldu öll ummæli um valdsvið konungs færast yfir á forsetann, og biða þar til þjóðin hefði tækifæri til að gera ít- arlega og vel athugaða endur- skoðun á stjórnarlögum lands- ins, sem ætti að verða undirbúið að stríðinu loknu. Forseta yrði að kjósa í fyrsta sinn á þjóð- fundinum, þó að önnur skipan kynni að verða í því efni síðar, þegar lokið yrði við endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Eitt af þeim málum, sem þjóð- fundur á Þingvöllum myndi væntanlega taka til meðferðar, væri það, að nema sambands- merkið úr þjóðfána Íslendinga. Norðmenn fóru eins að 1905. Norðmenn gengu þar hreint að verki, er þeir skildu við Svía 1905. Þó að þjóðfánanum væri breytt 1941, á þann hátt að nema burtu sambandsmerkið, myndi þykja óráðlegt að breyta siglingaflaggi landsmanna fyrr

Norðmenn voru hraðfara.

Það er einkennilegt, að bæði 1814 og 1905 flýtti norska þjóðin sér að ganga frá hinu nýja skipulagi, áður en erlendar þjóð- ir hefðu aðstöðu til að blanda sér í mál þeirra, og bera þá ráð- um. Þjóðfundurinn á Eiðsvelli var um garð genginn, stjórn- arlög samþykkt og konungur kosinn áður en erlend ríki höfðu aðstöðu til að skipta sér af lausn þessa norska frelsismáls. Ef Norðmenn hefðu beðið eftir Vínarfundinum og hentugleik- um Svía, eru allar líkur til að Noregur hefði orðið nokkurs konar hjálenda Svíþjóðar, eins og stórveldin höfðu reyndar heitið Karli Jóhanni fyrir hjálp hans móti Napoleon. Auk þess hefði Norðmönnum tæplega auðnast að skapa sér frjálsleg-ustu og beztu stjórnarskrá í álf- unni, ef þeir hefðu beðið eftir fyrirskipunum friðarfundarins um málefni sín.

Norðmenn fóru eins að 1905. Sviakonungur neitaði að undir- skrifa lögin um norska ræðis- menn. Stjórn Noregs og stór- pingið lýsti þá strax yfir, að Oskar II væri hættur að ríkja í Noregi, af því hann gegndi ekki konungsskyldum. — Norðmenn

gátu byrjað á samningamakki ingjatilfinning. Hinn mikli og gefið konungi tækifæri til ýmiskonar undanbragða, sem ar hér á landi stendur í sam- vel gat veikt málstað Norð- bandi við óbeitt þjóðarinnar manna og sundrað þjóðinni. Í gegn því að skapa í landinu stað þess var málið tekið föstum smájarla með verzlunar- og tökum, höggvið á sænska kon- atvinnugróða. Viðhorf Íslend- ungsambandið og byrjað á að inga til konungdóms sást glögg- endurreisa veldi Noregs á grund- lega á Alþingishátíðinni 1930. velli Haraldar hárfagra og niðja Íslendingar dáðust að Gustaf hans. Sviaprins, af því hann var mest- ur ræðumaður þeirra, sem fram komu á hátíðinni, en létu sér fátt finnast um erfðatign hans og væntanlegan konungdóm í Svíþjóð. Stofnun þjóðveldis á Íslandi, er þess vegna mikill þáttur í endurskipulagningu hins íslenska mannfélags. Það er ekki eingöngu að flytja stjórnarvald inn í landið. Það er líka niðurlagning skipulags, sem á ekki við þjóðarsálina, og nýsköpun valds, sem hefir frá upphafi hentað lundarlagi Ís- lendinga.

Konungdæmi og lýðveldi.

Einstaka menn hafa fremur í gamni en alvöru látið orð falla um það, að Íslendingar ættu að taka sér til forustu erlendan prins. Svíar, Danir og Norð- menn hafa hver um sig miklar mætur á konungum sínum og þykja þeir þjóðnýtir starfsmenn. Ber þar bæði til söguleg reynsla, þar sem frægð þessara þjóða frá því í fornöld er að verulegu leyti bundin við konungdæmið, en þá ekki síður hitt, að þessar þjóðir, einkum Svíar, og Danir, hafa verið nógu auðugar til að halda við þeim margháttaðu umbúð- um, sem þarf um konungsskipu- lagið. Í Noregi hefir þetta verið bundið nokkrum erfiðleikum. Billið milli konungs og þegnanna hefir tæplega verið nógu mikið fyrir konungdæmið. Á Íslandi er þjóðin ekki einungis of fá- menn og of fátæk fyrir stjórn- konunglegra manna. Hitt skipt- ir þó ef til vill enn meira máli, að Íslendingar eru fæddir lýð- veldismenn. Forfeður þeirra voru það og sýndu það í verki. Ísland byggðist fyrst og fremst fólki, sem ekki vildi búa við konungsveldi. Í eðli Íslendinga, bæði hér og í Vesturheimi, er mjög sterk jafnréttis- og jafn-

Eðli forsetastarfsins á Íslandi.

Ég hefi nokkrum sinnum í greinum í Tímanum leitast við að rökstyðja, að forseti í ís- lenzku lýðveldi ætti ekki að vera mikill valdamaður, eins og vel hefir gefizt í stærsta lýð- veldi heimsins, Bandaríkjun- um. Hér á Íslandi yrði forset- inn að vera arftaki lögsögu- mannsins. Hann yrði að vera ó- háður flokkadeilunum, eins og dómara í hæstarétti eiga að vera. Hann ætti að vinna starf sitt fyrir alla þjóðina en ekki fyrir einstaka flokka eða stétt- ir. Hlutverk hans yrði að nokkru leyti að reyna að jafna andstæður í þjóðfélaginu, en þó á lítið áberandi hátt. Ef forset-

inn er valdalitill og friðarmaður, skapast tæplega hættulegir flokkadrættir í sambandi við stöðu hans. Þar sem sýnilegt er, hvert stefnir í þessu efni, ef þjóðinni auðnast að halda lífi og frelsi, hefir ríkisstjórnin í samráði við utanríkisnefnd undirbúið að nokkru leyti húsa-kaup í sambandi við forsetastarfið. Er þar stefnt að því með væntanlegu heimili forsetans, að draga starfið hæfilega mikið út úr mestu hringiðu höfuðbæjarlífsins.

Um hlutleysi forsetans.

Er menn kynna sér sögu Íslenska lýðveldisins á þeim tíma þegar það var að leysast sundur, kemur í ljós, að meginástæða til upplausnarinnar og frelsis-tjónsins var löngun stjórnmalamanna þeirrar aldar til að fá meiri persónuleg völd heldur en unnt var samkvæmt stjórnarháttum þjóðveldisins. Baráttan um æstu völdin og mestu tignarheitin lagði þjóðveldið í rústir og fæddi af sér margra alda kúgun og niðurlægning þjóðarinnar. Við endurmyndun þjóðveldis á Íslandi þarf að taka tillit til fornarrar reynslu, því að kynstofninn hefir ekki breyttzt í verulegum atriðum. Ef nú kæmi upp valdastreita og innbyrðis barátta í sambandi við væntanlegar vegtyllur í tilvondandi lýðveldi, myndu slík átök teyja framgang málsins, og ef til vill setja það í hættu. Það er þess vegna mikil nauðsyn fyrir frelsismálið sjálft, að lyfta því algerlega út úr átökum hinnar daglegu stjórnmalabaráttu. Norðmenn fundu þetta

glögg. Þeir völdu sér danskan prins til konungs 1814. Og þó að þeir neituðu að hafa samkonung með Svíum 1905, buðu þeir fyrst sænskum prins konungdóm, og þegar því var neitað, fengu þeir danskan prins, sem var tengdasonur Englandskonungs. Þannig reyndu Norðmenn bæði 1814 og 1905 að styrkja sig í sjálfstæðisbaráttunni, bæði út á við og inn á við, með vali á mönnum til æstu forustu í landinu.

Tillagan um að fá til forseta á Íslandi frægasta Íslendinginn, sem nú er uppi, Vilhjálmm Stefánsson norðurfara, stefnir, eftir því sem við á, í þessa átt. Það er leitað eftir hlutlausum manni, sem auk þess myndi geta átt þátt í að mynda menningarsamband milli Íslands og ríkanna í Norður-Ameríku. Einn af yngstu þingmönnum Sjálfstæðisflokksins hefir komið fram með þessa tillögu. Hún hefir verið tekin upp af einum elzta þingmanni Framsóknarflokksins. Í hvorugum flokknum munu hafa orðið umræður um þessa hlið málsins, enn síður, að flokkarnir hafi yfirleitt tekið afstöðu í þessu efni. Auk þess er alls óvíst, að Vilhjálmmur Stefánsson vildi taka að sér þann vanda. En umræðurnar um Vilhjálmm Stefánsson hafa að einu leyti verulega þýðingu. Þær benda á, að menn í stærstu stjórnmalaflokkunum hafi glöggan skilning á því, að það sé höfuðnauðsyn að draga væntanlega stöðu forseta á Íslandi út úr hinni venjulegu metorðabaráttu í landinu. Með því er siglt fram hjá hættulegu

skeri, en það er hin sterka hneigð til afbrýðiseimi í þjóðfélagi, þar sem hver þekkir annan og allar kringumstæður náþúa og samvistarmanna.

Hafa Íslendingar menn til forsetastarfs?

Sumir efast um það. En í fornöld var allt af vól á mönnum í lögsögumannsembættið. Þá reyðist ætíð kleift, þegar þjóðin fékk að ráða því, að fá Íslendinga í biskupsstöðurnar. Íslendingar reyndust ennfremur bærir um að vera landfógetar, amtmenn, stiftamtmenn og landshöfðingjar. Þegar stjórn landsins fluttist til Reykjavíkur 1904, voru ýmsir kvíðandi um hæfni Íslendinga til að vera ráðherrar. Þegar til kom, þótti Hannes Hafstein betur fær til starfsins heldur en hinir dönsku fyrirrennarar hans, sem höfðu ráðið landinu. Síðar hefir komið í ljós, að þjóðin á jafnan nóg af mönnum til að gegna stjórnarstarfinu, jafnvel þó að skipa þurfi í fimm sæti í einu. Á sama veg mun fara með forsetastarfið. Íslendingar munu jafnan eiga menn, sem geta leyst betur af hendi stjórnarstörf fyrir Íslands hönd heldur en Hákon gamli og erfingjar hans.

Meðan þjóðstjórnin ríkir.

Ein af röksemdunum, sem mæla með því að gera nú endanleg reikningsskil um forustu Dana í málefnum Íslendinga, er það, að nú situr að völdum þjóðstjórn, sem nýtur stuðnings allra þingmanna nema

kommúnista. Enginn veit hvort svo sterk samstjórn verður hér á landi eftir eitt, tvö eða þrjú ár. Þá gæti flokkabaráttan blandast inn í sjálfstæðismálið til óbætanlegs skaða. Það getur aldrei komið betri aðstaða heldur en nú er, til að leysa sjálfstæðismálið til fullnustu. Á það vel við, þar sem nú sitja í stjórn landsins nokkrir þeir menn, sem höfðu orð fyrir þingflokkunum á Alþingi 1937, þegar kalla mátti, að lýst væri yfir einlægum skilnaðarheitum af hálfu Íslendinga.

Hvað segja aðrar þjóðir?

Sumir menn hér á landi hafa jafnan haft hneigð til í sjálfstæðismálinu að spyrja, hvað Danir segja. Á því er enginn vafi, eins og för Staunings benti til, að allur þorri danskra stjórnmalamanna vill til hins ítrasta halda einhverju yfirvarpi af valdi yfir Íslandi. Það er gamall og rangsnúinn metnaður. Ekkert er skaðlegra fyrir framhaldssamstarf Dana og Íslendinga heldur en að láta eftir þessari löngun Dana. Meðan einhver stjórnmalabráður liggur milli Danmerkur og Íslands, mun hann eitra samband þjóðanna, ala á yfirþjóðarhneigð Dana, en vanmáttarkennd og getuleysi Íslendinga. En um leið og hin gömlu stjórnmalabönd eru rofin, mun byrja nýtt tímabil í samskiptum þessara þjóða, þar sem danskir og íslenskir menn mætast sem jafningjar og eiga skipti saman, ef þeir hafa af því hag og ánægju. Þeir menn á Íslandi, sem hyggja sig gera

Dönun greiða með því að annarra landa hugsa í þessu eða halda við stjórnmalasambandi, öðrum efnum. En út frá alsem hefir ætíð verið Dönun til minnkunnar og Íslendingum til skaða, eru sannarlega á villigötum. Meðan Svíar og Norðmenn voru saman í pólitísku nauðungarsamstarfi var sambúð þessara þjóða sársauka-blandin og erfið. Þegar pólitíska sambandinu var slitið, hófst með þessum þjóðum gagnkvæm virðing, vinátta og þúsundfalt samstarf sprottið af fúsum vilja.

Danir, Norðmenn og Svíar eiga nú hver um sig í frelsisbaráttu. Enginn af þessum þjóðum geta með nokkurri skynsemi áfellt okkur fyrir að vilja vera frjálsir menn í því landi, sem forfeður okkar hafa byggt í þúsund ár. Þó undarlegt sé, má segja hið sama um Þjóðverja. Þeir líta á núverandi styrjöld sem geigvænlegt átak, sem þýzka þjóðin verði að gera til að fá að halda sjálfstæði sínu. Auk þess hefir þýzka þjóðin og valdhafar hennar allir, að því leyti, sem á hefir reynt, sýnt Íslandi velvild, og auk þess ekki ósjaldan látið bera á ríkri frændsemi til Íslendinga. Stór þjóð, sem vill lifa sínu lífi í sínu eigin landi, getur ekki með frambærilegum rökum áfellt litla þjóð, þó að hún vilji líka ráða ein fyrir sínu landi.

Þá hafa sumir menn látið sér til hugar koma, að Bretar og Bandaríkjamenn myndu torvelda okkur að koma á fót skipulegri þjóðveldisstjórn. Auðvitað veit enginn maður hér á landi, hvað stjórnmalamenn

öðrum efnum. En út frá almenntri þekkingu á stjórnmalastefnum nútímans, er erfitt að hugsa sér að England og Bandaríkin legðu stein í götu íslenzku þjóðarinnar í frelsismálum hennar. Allt enska heimsveldið á nú í styrjöld, sem þagnar þessa ríkjasambands líta á sem óhemjulega mikla en nauðsynlega fórn til að tryggja frelsi og sjálfstæði þessara landa. Stjórn Breta hefir jafnvel sent með ærnum kostnaði liðsafla hingað til lands til varnar frelsi og sjálfstæði landi sínu. Og sjálf Bandaríkin, sem eru stórum fjær ófriðarhættunni, vígbúast nú með svo miklum framlögum, að þess eru engin dæmi, í því yfirlýsta skyni að verja frelsi Bandaríkjana og hinna mörgu lýðvelda í álfunni. Mér er með öllu óskiljanlegt, að hinar enskumælandi lýðræðisþjóðir, sem hafa skapað og þroskað það stjórnfrelsi, sem nú er til í heiminum, gætu tekið það illa upp, þó að við Íslendingar sýndum fullan og einlægan vilja á því að vilja lifa sem frjálsir menn, eins og hinir engilsaxnesku frændur í tveimur stórveldum.

Mér sýnist niðurstaða þessa máls mjög einföld. Skilnaður myndi stórlega bæta sambúð Dana og Íslendinga. Öðrum þjóðum er breytingin óviðkomandi. Frelsisærum þjóðum yrði hún ánægjuefni, því nóg er annarsstaðar til af ófrelsi og kúgun sem viðfangsefni handa þeim, sem vilja létta oki af mannkyninu.

Þjóðveldið og dvalarliðið.

Því er haldið fram af mönnum, sem telja sig hægfara í frelsismálinu, að það sitji illa á þjóð, sem hafi erlent herlið í landinu að láta eins og hún sé frjáls. Þetta er meiriháttar mis-skilningur. Dvalarliðið er hér á landi vegna hernaðarþarfa brezka heimsveldisins, en ekki eins og rússneskt setulið í Pólandi. Hér á landi er tvíþýli. Dvalarliðið sinnir hermálum. Íslenzka þjóðin starfar að framleiðslumálum sínum og hefir alla þætti íslenzks menningarlífs í höndum sér eins og áður. Allir vita, og enginn betur en stjórn Breta, að við getum ekki náð sambandi við Danmörku um störf konungs eða utanríkismál. Okkur er því opin sá einn kostur, að skapa þjóðinni stjórnarhætti og stjórnarform, sem hæfir frjálsri þjóð. Auk þess myndi stofnun lýðveldis á Íslandi, meðan stríðið stendur vera ótviræð sönnun þess, að dvalarliðið blandaði sér á engan hátt í stjórnmal hins íslenzka ríkis. Með því að stofna lýðveldi á Íslandi meðan stríðið stendur sýnir íslenzka þjóðin, að hún kann að meta fullkomið sjálfstæði og fær að njóta þess, þó að her Bretaveldis dvelji í landinu.

Skartklæði Skúla fógeta.

Eitt af þjóðskáldum Íslendinga lýsir í alkunnu kvæði, hversu Skúli fógeti fór í skartklæði í ofviðri á sjó, þegar nokkrar líkur voru til að skip hans kynni að farast. Hann gengið hiklaust og djarflega að

taldi ástæðuna til þess að hann bjóst skartklæðum í það sinn vera þá, að hann vildi, að bún-ingurinn bæri vitni, ef líkið bærist upp að ströndinni, að þar hefði farizt skörulegur maður.

Allar þjóðir eru nú líkt settar um framtíðarmál sín eins og Skúli fógeti í þessari hættuferð. Í yfirstandandi ófriði hafa mikil ríki verið yfirunnin og þjóðirnar sviftar frelsi og eignum. Ef þessu stríði lýkur á þann veg, að landvinningsþjóðir verði einráðar um friðarkosti, mætti svo fara, að hér eins og víða annars staðar yrði með valdboði skipt um stjórnarform. Kæmi þá persónuleg harðstjórn í stað þingstjórnar, alhliða kúgun í stað mikils frelsis. En jafnvel þótt þvilik forlög biðu íslenzku þjóðarinnar, þá ber henni skylda til að sýna fullan manndóm, meðan hún var frjáls gerða sinna. Síðar á tímum stæðu Íslendingar betur að vígi að endurheimta frelsi sitt, ef sú kynslóð, sem hafði forustu í íslenzkum málum 1941—43 hefði fylgt fordæmi Skúla fógeta og sýnt kjark og lífsvilja í hættunni.

Jón Sigurðsson og Hannes Hafstein.

En ef svo fer, sem flestir Íslendingar vona, að margar þjóðir verði frjálsar eftir stríðið og Íslendingar þar á meðal, þá þarf Ísland ekki að vera viðfangsefni stórmenna heimsins á nýjum Vínarfundi. Þjóðin hefir þá gengið hiklaust og djarflega að

verki, sett á stofn minnsta ríki veraldarinnar, en með skipulagi, sem um allt byggist á réttri hugsun og mætti verða til sámdar vel mentaðri stórbjóð. Þess vegna hvílir sama skylda á Íslendingum að endurreisa þjóðveldið á því ári, sem nú er að byrja, hvort heldur sem kúgun eða frelsi verða kjörorð þjóðarinnar eftir stríðið.

Sjálfsagt myndi Jóni Sigurðssyni og Hannesi Hafstein þykja undarlega við bregða, ef þeir mættu nú líta upp úr gröfum sínum og yrðu þess varir, að íslenska þjóðin væri hikandi að taka við fullu frelsi, er hlekkir Sturlungaaldar falla sjálfkrafa til jarðar, eins og múrar Jeríkóborgar í fornsögu Gyðinga. Jón Sigurðsson myndi benda á, að hann eyddi orku langrar æfi með stuðningi mikils meirihluta þjóðarinnar í baráttu fyrir því að Íslandi yrði stjórnað af Íslendingum, en ekki Dönum. Hannes Hafstein myndi minnst þess, að það varð honum að valdatjóni á miðri æfi, að hann gat ekki fengið Dani til að sleppa kröfunni um það, að Ísland hétu hluti af Danaveldi. Mjög myndi þessum mönnum og þúsundum samherja þeirra bregða í brún, ef eftirkomendur þeirra treystu sér ekki til að taka á móti fullu frelsi og gæta þess vel.

En til þess mun ekki koma. Á ári því, sem nú fer í hönd, eru liðnar sjö aldir síðan mesti sagnfræðingur Norðurlanda var veginn í Reykholti. Norðmenn viðurkenna, að hann hafi þjargað hinni glæsilegu fornsögu Noregs frá glötun og með því lagt grundvöll að nútímariki Norðmanna. Samtíðarmenn Snorra áttu mikinn þátt í því, að lýðveldið leið undir lok. En þeir eiga líka mikinn þátt í endurreisn íslensku þjóðarinnar. Þeir hafa sýnt, hvílikum þroska íslenska þjóðin getur náð í skjóli fullkomins sjálfstæðis. Við eigum andans höfðingjum fornaldarinnar að þakka viðreisn landsins nú á tímum. Dæmi þeirra sýnir líka hverjum þroska íslenska þjóðin getur náð, ef hún ræður landi sínu og fer vel með vit sitt og vald.

Framsóknarmenn minnst með ánægju þeirra mörgu merkilegu sigra, sem unnir voru hér á landi í þjóðmálum á undanfórnum árum. Margir þeirra eru það þýðingarmiklir, að þeirra vegna, og sökum annarra þvilkra sigra frá öðrum árum, getur íslenska þjóðin nú gengið djarflega til verks á hinu nýbyrjaða ári við að fullkomna verk þriggja kynslóða til að endurskapa skilyrði til nýrrar gullaldar á Íslandi.

EFTIRRIÐ

af

4 ára áætlun

Alþýðuflokksins

1934

Alþýðuflokkurinn leggur fram

4 ára áætlun

til framkvæmda á næsta kjörtímabili.

Lýðræði í stjórnámum og atvinnumálum.
Skipulag á þjóðarbúskapnum.
Vinnu handa öllum, sem vilja vinna.

EFTIRRIT.

Starfsskrá Alþýðuflokksins,

4 ÁRA ÁÆTLUN

fyrir næsta kjörtímabil, er:

- 1) AD HRUNDIÐ VERÐI ÞEGAR Í STAÐ Í FRAMKVÆMD MEÐ LÖGGJÖF OG FRAMTAKI HINS
OPINBERA AUKNUM ATVINNUREKSTRI OG FRAMLEIÐSLU EFTIR NÁKVÆMRI ÁÆTLUN, ER
GERÐ SÉ TIL ÁKVEÐINS TÍMA (4 ÁRA) OG HAFI ÞAÐ MARKMIÐ AÐ ÚTRÝMA MEÐ ÖLLU
ATVINNULEYSINU OG AFLEIÐINGUM KREPPUNNAR OG FÆRA NÝTT FJÖR Í ALLA ATVINNUVEGI
ÞJÓÐARINNAR MEÐ AUKINNI KAUPGETU OG NEYZLU HINNA VINNANDI STÉTTA OG AUKNUM
MARKAÐI INNANLANDS.

Stofnuð sé RÁÐGEFANDI NEFND sérfróðra manna, þingi og stjórn til aðstoðar, er geri nákvæmar áætlanir um allar opinberar framkvæmdir á tímabilinu og stjórnin vísindalegum rannsóknum til undirbúnings þeim og geri jafnframt tillögur um, hvernig komið verði fastri stjórn og skipulagi á allan þjóðarbúskapinn, jafnt opinberar framkvæmdir og fyrirtæki sem atvinnurekstur einstaklinga, svo að þau verði sem hagkvæmast rekin og aukin með hagsmuni almennings fyrir augum (Planökonomi).

Smáatvinnurekstur í framleiðslu, iðnaði og verzlun, sem starfar á samkeppnisgrundvelli eða með samvinnusniði og eigendur starfa að sjálfir, skal verndaður gegn einokunarhringum og að honum hlúð, enda sé haft með honum nauðsynlegt eftirlit.

Nefnd þessi sé skipuð þegar að kosningunum loknum og áætlunin tilbúin til framkvæmda í ársbyrjun 1935.

2. að vinna að því, að tekjum ríkissjóðs verði varið, að svo miklu leyti sem unt er, til aukinnar atvinnu í landinu, einkum til stuðnings aukinnar framleiðslu (vega- og brúar- gerðir, hafnar- og lendingar- batur, rafvirkjanir, verksmiðjur til að vinna úr framleiðsluvörum landsmanna o.s.frv.).
3. að vinna að því, að vísindin verði tekin í þjónustu atvinnuveganna til lands og sjávar með því að gefa hæfustu mönnum sem bezta aðstöðu til rannsókna og leiðbeiningastarfs.

4. að allar landbúnaðarfrankvæmdir séu skipulagðar með tilliti til ræktunar- skilyrða og auðveldra flutninga afurða á markað (nýbýlahverfi, samyrkju- bygðir). Verksmiðjur séu, þegar unt er, settar þar, sem fjölbygðar sveitir eru í grend, svo að bændum verði að þeim sem mestur stuðningur vegna aukins markaðar landbúnaðarafurða.
5. að taka fyrir alla þjóðjarðasölu, tryggja ríkinu forkaupsrétt að öllum jörðum, er ganga kaupum og sölum, og setja lög um erfðafestuábuð leiguliða á ríkis- jörðum með hagkvæmari skilmálum fyrir þá en sjálfseignarbændur eiga nú alment við að búa.
6. að koma á samvinnu milli sveitabænda og verkafólks í kaupstöðum um skipu- lagningu á sölu landbúnaðarafurða innanlands, með því markmiði að auka neyðlu þessara afurða í landinu, enda verði dregið úr milliliða- og dreifingar- kostnaði til sameiginlegra hagsbóta framleiðenda og neytenda.
7. að tryggja verkafólki við opinbera vinnu eigi verri kjör en samtök verkafólks hafa trygt því hjá öðrum atvinnurekendum.
8. að vinna að auknum markaði erlendis fyrir afurðir sjávarútvegsmanna og bænda meðal annars með aukinni vöruvöndun og margbreyttri vinslu afurðanna, svo og með því að skipuleggja afurðasöluna. (Norsku samningunum verði sagt upp.)
9. að stofna til kreppuhjálpar fyrir verkafólk til þess að létta af því skuldum og fyrir smáútvegsmenn til að koma atvinnurekstri þeirra á réttan kjöl, einnig að endurskoða kreppulánalöggjöf bænda, svo að hún geti komið smá- bændum að fullu gagni.
10. að stofna lánadeild fyrir iðnaðarmenn, er veiti þeim hagkvæm lán með veði í vélum og öðrum áhöldum, og að létta tollum af efnivörum til nauðsynlegs iðnaðar.
11. að vinna að almennri lækkun vaxta, meðal annars með lækkun innlánsvaxta.
12. að vinna að því, að styrkt verði með ríkisábyrgð eða beinu fjárframlagi útgerðarfyrirtæki bæja og sveitafélaga eða samvinnufélagsjómannna og verka- manna, svo að smáútvegsmönnum verði trygð hagkvæm lán til atvinnureksturs.

13. að vinna að sem fullkomnastrí landhelgisgæzlu á bátamiðum landsmanna og auknum öryggisráðstöfunum til slysavarna (radiovitar, björgunarskip, talstöðvar í bátum og á höfnum, fullkomnari veðurathuganir, fullkomið eftirlit skipa, véla og vinnuaðferða).
14. að skipuleggja samgöngur á sjó og landi í því skyni að gera þær örari, viðtækari og ódýrari en nú er, og sérstaklega að koma á skipulagi um póstgöngur og mannflutninga með bifreiðum póstsjóðs á aðalþótleiðum.
15. að breyta skatta- og tolla- löggjöfinni þannig, að tollum verði létt af nauðsynjum, en beinir skattar að sama skapi hækkaðir af háum tekjum og störeignum.
16. að afla ríkinu aukinna tekna með arðvænlegum ríkisfyrirtækjum í verzlun, framleiðslu og iðnaði.
17. að vinna að því, að dregið verði úr beinum, óþörfum eyðsluútgjöldum ríkissjóðs, að strangt eftirlit verði haft með rekstri opinberra stofnana og skyldar ríkisstofnanir settar undir sameiginlega stjórn, að svo miklu leyti, sem unt er (bankar, einkasölur). Launagreiðslur ríkisins og opinberra stofnana verði samræmdar til hagsbóta fyrir láglaunamenn.
18. að koma í veg fyrir, að ríkisstofnanirnar, svo sem bankar, tóbakseinkasala, síldarverksmiðjur, ríkisprentsmiðja og aðrar slíkar stofnanir, verði lagðar niður eða fengnar í hendur einstökum mönnum, en í stað þess verði þær efldar á allan hátt og öðrum bætt við.
19. að gera fjárlögin svo úr garði, að þau verði sem réttust mynd af fjárhagsástandum ríkissjóðs, þar sem hvorki séu faldar væntanlegar tekjur né fyrir-sjáanleg útgjöld.
20. að vinna að hallalausum búskap ríkissjóðs með því meðal annars að reisa ramar skorður við því, að stjórnin geti eytt tekjum hans umfram áætlun fjárlaga eftir eigin geðþótta (fjárlagadómur, er úrskurði um allar greiðslur ríkissjóðs).
21. að ákveða með löggjöf, að tekjuafgangur góðæra verði lagður til hliðar til aukinnar atvinnu og framkvæmda á krepputímum, sbr. frumvarp Alþýðuflokksins um jöfnunarsjóð ríkisins.
22. að tryggja bæjar- og sveitar- fjelögum fasta tekjustofna, svo sem hæfilegan hluta af fasteignaskatti og tekju- og eigna- skatti til móts við ríkissjóð.

23. að koma á fullkomnum alþýðutryggingum á þeim grundvelli, sem lagður er með frumvarpi því um almennar alþýðutryggingar, sem þingmenn Alþýðuflokksins hafa borið fram á undanförunum þingum (sjúkra- slysa- örorku- elli og atvinnuleysis- tryggingar).
24. að koma á ríkiseinkasölu á lyfjum til aukins öryggis og lækkunar á lyfjakostnaði.
25. að vinna að því að komið verði upp fullkominni heilsuverndarstöð í Reykjavík, er beiti læknisvísindunum til hins ýtrasta í þá átt, að alin verði upp hraust kynslóð í landinu og að almenningi verði kent og gert fært að forðast eftir því sem þekking nær til hvers konar óheilbrigði, slysa og sjúkdóma.
26. að reisa rannsóknir við áfengisnautn í landinu með róttækri áfengislöggjöf og ríflegum styrkjum til bindindisfræðslu og annarar bindindisstarfsemi, með því markmiði að útrýma sem fyrst öllu áfengi úr landinu.
27. að breyta framfærslulöggjöfinni og endurbæta hana meðal annars með því að gera alt landið að einu framfærsluhéraði og að styrkja sérstaklega ekkjur og einhleypar meður til að framfæra börn sín (mæðrastyrkir).
28. að efla byggingarsjóði verkamanna og stofna til sambands þeirra á milli til sameiginlegra lánsútvegana, að koma á sameiginlegum innkaupum á byggingarefni til verkamannabústaðanna, svo og til húsa byggingar- og landnáms- sjóðs, og að finna leið til að reisa viðunandi hús fyrir sveitabændur við því verði, er búskapur þeirra geti risið undir.
29. að vinna að því, að nægilega mörgum smábarnaskólum verði komið upp í Reykjavík og öllum stærri kaupstöðum eftir beztu erlendum fyrirmyndum (dagheimili, sumarskólar o.s.frv.), að barnafræðsla verði endurbætt í samræmi við kröfur uppeldisvísindanna, og að öllum unglingum verði trygð sem hagkvæmust og ódýrust framhaldsmentun, iðnskólar landsins verði auknir og endurbættir og styrktir ríflega úr ríkissjóði.
30. að öll skólagjöld verði afnumin og efnilegustu nemendum úr alþýðustétt trygð ókeypist vist við æðri mentastofnanir.
31. að koma á ríkisútgáfu skólabóka, er tryggi nemendum vandaðar og ódýrar námsbækur.
32. að vinna að því, að öllum verði gefin jöfn aðstaða til að keppa um stöður við hvers konar opinberar stofnanir, og að eingöngu verði valið í stöðurnar eftir hæfileikum umsækjendanna.

33. að setja upp stofnun, er hafi það verkefni, að útvega ungu fólki atvinnu við hvers eins hæfi og að skipuleggja starfsemi meðal atvinnulausra unglinga þeim til mentunar og þroska.
34. að koma á nýrri og endurbættri réttarfars- og refsí- löggjöf, þar sem mála- rekstur verði opinber og málflutningur munnlegur, kviðdómar settir á stofn í vissum refsimálum, opinber ákærandi skipaður, þungar refsingar lagðar við fjársvikum og misbeitingu á trúnaðarstöðum, en vægum refsingum beitt við afbrot, sem með fram eiga rót sína að rekja til fátæktar, umkomuleysis og vanþroska.
35. að tryggja öryggi æðsta dómstóls landsins með því að ákveða með lögum, að aukadómarar verði tilkvaddir í vandasömum málum, og að hver dómari verði skyldaður til að gera opinbera grein fyrir dómsatkvæði sínu.
36. að afnema ríkislögregluna í vísu trausti þess, að unt sé að stjórna þessari friðsömu þjóð með þeirri mannúð og því réttlæti, að úr engum deilum þurfi að skera með hernaði og ofbeldi.

- - -